

Nd.

82. Frumvarp til laga

[48. mál]

um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu miðað við erlendan gjaldeyri skal vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar, og gengi hennar miðað við annan gjaldeyri í samræmi við það. Seðlabankinn skráir sölugengi og kaupgengi erlends gjaldeyris samkvæmt þessu gengi. Kaup- og sölugengi dollars má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir því gengi, sem ákveðið er í 1. málslíð þessarar gr., og sama gildir um gengi annars gjaldeyris.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir útflutningssjóður greiðslu hvers konar bóta samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—c. Frá sama tíma falla niður tekjur útflutningssjóðs samkvæmt lögum nr. 33/1958.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið fram að gildistöku þessara laga samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum, skulu fara fram á því gengi, sem gildi áður en lög þessi tóku gildi. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins áður en löggin tóku gildi.

4. gr.

Nú hefur bankaábyrgð verið stofnuð fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá gera ábyrgðina upp á hinu nýja gengi, nema fullnaðarreikningsskil hafi farið fram, stofnandi ábyrgðarinnar hafi innt af hendi greiðslu samkvæmt þeim og fengið öll skjöl varðandi ábyrgðina afhent, áður en löggin tóku gildi.

5. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og skal færa til gjalda á honum hækkun þá í krónum, sem verður á skuldum ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu vegna gengisbreytingarinnar. Á þennan reikning skal sömuleiðis færa þann gengismun, er fram kemur hjá einstökum bönkum, sem verzlá með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er gengisbreytingin kemur til framkvæmda. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Gengismunur, sem myndast þá er banki hefur fyrir gildistöku þessara laga innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar, sem gerð er upp á hinu nýja gengi (sbr. 4. gr.), skal færður á reikning þann, er um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu eftir gildistöku þessara laga vegna ákvæðis 3. gr., skal færður á reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum.

6. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við herra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánsamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar gr.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr.) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi, og sama gildir um annan erlendan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, ef hann hefur verið greiddur í erlendum gjaldeyri.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi, áður en nýákveðin bráðabirgðastöðvun tollafgreiðslu kom til framkvæmda, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

II. KAFLI

8. gr.

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 5% skatt af fob-verði allra vara, sem fluttar eru úr landi til sölu frá gildistöku laganna. Þetta tekur þó ekki til vara, sem samkv. vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, staflaðum a—b.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Andvirði útflutningsskatts samkvæmt þessari gr. skal varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs.

9. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í A—C-liðum 10. gr., skal greiða sérstakt innflutningsgjald til ríkissjóðs, þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri gr. Gjaldið miðast við tollverð vöru eins og það er ákveðið í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 7. gr., að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess.

10. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 40% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 36 í 8. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhússljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 30% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og síðari breytingum á henni, þó ekki vörum, sem taldar eru í A-lið þessarar gr. og ekki vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13, 15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 26 í 52. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaisgerðarvélur í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tiltekna vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 30% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 15% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 15% innflutningsgjald:

1. Búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald að einhverju eða öllu leyti af pappa,

er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Einnig er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar, sem teljast til nr. 2 í 72. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er og heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugetur, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

11. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkvæmt ákvæðum 10. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnir: úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

12. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. málsg. þessarar gr.

13. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt 2. tölulið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 eða önnur lög, er í þeirra stað koma, skal innheimta 6% gjald til viðbótar nógildandi 3% gjaldi til ríkissjóðs.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanrækslu.

14. gr.

Innheimta skal til ríkissjóðs sérstakt gjald af iðgjöldum váttryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, taka til, og skal það nema 10% af iðgjaldsfjárhæðum.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, er um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.:

- a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20/1954,
- b. brunatryggingum á húsum,
- c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa,
- d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 13. gr.

15. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum samkvæmt d-lið 1. gr. laga nr. 67/1959 eða öðrum lögum, sem í þeirra stað koma, skal innheimta með 200% álagi.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hvernar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frá-dregnu flutningsgjaldi og váttryggingargjaldi.

Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. málsg. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar, og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

17. gr.

Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni til viðbótar gjaldi því, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949. Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra, þar af skulu 14 aurar renna í brúarsjóð og 14 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til þess að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald þetta ásamt innflutningsgjaldi því, er um ræðir í lögum nr. 68/1949, og skal um endurgreiðslu gjalds af því benzíni, sem sönnur eru færðar á að sé notað til annars en bifreiða, fylgt sömu reglum og á hverjum tíma er farið eftir um innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1949.

18. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum (sbr. 1. gr. laga nr. 66/1957 og e-lið bráðabirgðaákvæða þessara laga) skulu frá ársbyrjun 1960 skiptast þannig milli eftirtalinna aðila: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 80%, til Fiskimálasjóðs 13%, til haf- og fiskirannsóknarskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild Atvinnudeildar Háskóla Íslands, 3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 2,25%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 1,75%.

19. gr.

Vitagjald skipa, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða gerð eru út til veiða af landsmönnum, samkvæmt lögum nr. 17/1911, skal á árinu 1960 innheimt með 100% viðauka. Frá ársbyrjun 1961 skal gjald þetta innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skipa í millilandasiglingum samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku laga þessara innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skemmtiferðaskipa samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku þessara laga innheimt með 200% viðauka.

Heimilt er að hækka taxta toll- og sóttvarnarfarartækja.

20. gr.

Lestagjald af skipum samkvæmt lögum nr. 10/1946 skal frá ársbyrjun 1961 innheimt með 500% viðauka.

21. gr.

Gjöld samkvæmt eftirtöldum ákvæðum laga nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skulu frá gildistökudegi þessara laga innheimt með 50% viðauka: I. og VII. kafla, 4. gr., 12. gr., 15.—19. gr., 22. gr., 24.—26. gr., nr. 1—11 í 32. gr. og 35.—37. gr. Afgreiðslugjald skipa, sem koma frá útlöndum, samkvæmt 33. og 34. gr. sömu laga, skal frá sama tíma innheimt með 100% viðauka.

22. gr.

Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal greiða jafnhá aðflutningsgjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

III. KAFLI

23. gr.

Óheimilt er að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða

annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarféлага og til allra annarra ráðningar- og verksamninga, svo og til launareglugerða og launasamþykktu allra stofnana og fyrirtækja. Ákvæði í samningum um kaup og kjör, gerðum fyrir gildistöku laganna, um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu, verða ógild, er lög þessi taka gildi, og sama gildir um sams konar ákvæði í launareglugerðum og launasamþykktum stofnana og fyrirtækja.

Nú er þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. þessarar gr. ákveðið í samningi stéttarféлага eftir gildistöku þessara laga, að greidd skuli verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, og er þá slíkt ákvæði ógilt og hlutaðeigandi vinnuveitendum er óheimilt að fylgja því.

24. gr.

Frá 1. apríl 1960 er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Við ákvörðun þess, hve mikil þessi hækkun sé og hvenær hún skuli til framkvæmda að því er snertir einstaka kostnaðarliði í verðlagsgrundvellinum, skal fylgja ákvæðum 2. og 3. málslíðs 1. málsg. 6. gr. laga nr. 68/1959.

25. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli bátasjómannanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar um skiptaverð til bátasjómannanna á þorskveiðum, skal miða aflahluti við það skiptaverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa. Jafnframt skal við útreikning á aflahlutum eftir gildistöku laga þessara reikna þá liði, sem greiðast af óskiptu samkvæmt gildandi samningum við upphaf yfirstandandi vetrarvertíðar, á því verðlagi, sem var fyrir gildistöku laganna.

26. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir um aflaverðlaun togarasjómannanna milli þeirra annars vegar og togaraútgerðarmanna hins vegar, skal miða við það fiskverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa.

27. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku þessara laga setja nýjar reglur um álagningu í heilðsölu og smásölu á innfluttum vörum, er miðist við það, að álagning í krónum hækki ekki nema sem svarar beinni hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað, nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna. Sama gildir um aksturstafta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um flutningsgjöld skipa og flugvéla.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu.

IV. KAFLI

29. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán úr Evrópusjóðnum, samkvæmt Gjaldeyrisamningi Evrópu, allt að 12 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldeyri. Jafnóðum og notað er fé af slíku láni eða lánnum, skal krónuandvirði þess

lagt á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Eigi má nota fé á þessum reikningi til annars en til endurgreiðslu láns úr Evrópusjóðnum.

30. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1.5 millj. dollara í 11.25 millj. dollara, og á kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 2.0 millj. dollara í 15.0 millj. dollara. Til þess að standa straum af framlögum Íslands til þessara stofnana heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá Seðlabankanum, er jafngildi samtals allt að 11.05 millj. dollara.

V. KAFLI

31. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og skulu þau gefin út á ný með áorðnum breytingum, þegar þessi lög hafa öðlazzt gildi.

1. gr. laganna orðist svo:

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

2. gr. laganna orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að áskilja ársvexti af öðrum skuldum en þeim, er greinir í 2. gr., jafnháa og almennir útlánsvextir eru hæstir á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, hjá bönkum og sparisjóðum, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75/1952, um breyting á lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánnum hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði, sbr. lög nr. 40/1955. Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 41/1946. Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði, sbr. lög nr. 48/1957. Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), sbr. lög nr. 42/1957. Byggingarsjóði verkamanna, sbr. lög nr. 36/1952. Raforkusjóði, sbr. lög nr. 12/1946 og lög nr. 58/1949.

33. gr.

Ákvæði 2. málsg. 16. gr. laga nr. 63/1957 skulu ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

VI. KAFLI

34. gr.

Ríkisstjórnin í heild fer með framkvæmd þessara laga.

35. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja, með reglugerðum eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 kr., nema þyngri refs-

ing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi númer 1. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og 3. gr. laga nr. 105/1951, um breyting á þeim lögum. Enn fremur 30. gr. laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, eins og hún varð með breytingu í 5. gr. laga nr. 112/1950. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., þó ekki VIII. kafla laganna. Þá falla og úr gildi eftirtalin ákvæði í lögum nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.: 6. gr., fyrri málsg. 8. gr. og 3. mál-liður 1. málsg. 9. gr. Þá er og felld úr gildi 2. gr. laga nr. 66/1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, a-liður 1. gr. og a-liður 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, 2. málsg. 2. gr. laga nr. 34/1959, um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, og lög nr. 75/1952 (sbr. síðustu málsg. 31. gr.). Loks eru felld úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

VII. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

- a. Útflutningssjóður skal starfa áfram fyrst um sinn vegna skuldbindinga sjóðsins samkvæmt lögum nr. 33/1958, en er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkisstjórnarinnar, skal stjórn sjóðsins og skrifstofa lögð niður og Seðlabankanum falið að annast endanleg reikningsskil útflutningssjóðs.
- b. Á útfluttar vörur framleiddar á tímabilinu frá 15. maí 1958 og til 15. febrúar 1960 að þeim degi meðtöldum skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Á útfluttar vörur framleiddar fyrir 15. maí 1958 skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr. sömu laga. Á útfluttar landbúnaðarvörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skal þó greiða bætur samkvæmt 2. málsg. 9. laga nr. 68/1959, um viðauka við lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
- c. Á erlenda gjaldeyri til greiðslu á þjónustu, sem innt var af hendi fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.
- d. Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, sem framleiddar voru fyrir 16. febrúar 1960, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gildi áður en hið nýja gengi samkvæmt 1. gr. kom til framkvæmda. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á nýju gengi skal færður til tekna á reikningi útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum. Sama hátt skal hafa á við kaup á gjaldeyri fyrir þjónustu, er um ræðir í c-lið þessara bráðabirgðaákvæða.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957 á sjávarafurðum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skal innheimt með 65% viðauka og miðað við fob-verð vara reiknað á eldra gengi, sbr. ákvæði 2. málslíðs 1. málsg. 8. gr. og ákvæði 18. gr. Eftirtalin gjöld á útfluttum vörum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skulu miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi: 1% útflutningsleyfisgjald samkvæmt reglugerð nr. 109/1948, hlutatryggingarsjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 48/1949, 2% gjald af saltsíld til Sildarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952.
- f. Við yfirfærslu á launum erlendra ríkisborgara fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960 skal skulda reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum fyrir þeim hluta krónuandvirðis hverrar yfirfærslu sem svarar hækkun erlends gjaldeyrisgengis samkvæmt þessum lögum umfram 55%. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna sam-

kvæmt þessu skulu hafa borizt fyrir lok marzmánaðar 1960. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessum ákvæðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstjórnin birti, þegar hún tók við völdum í nóvember síðastliðnum, taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hefur síðan verið unnið að athugun á þessum málum. Þótt ekki séu nema rúmír tveir mánuðir síðan ríkisstjórnin hóf störf sín, er nú lokið þeim rannsóknum, sem taldar voru nauðsynlegar. Þegar stjórnin og stuðningsflokkar hennar höfðu kynnt sér þessar athuganir og niðurstöður þeirra, var ákvörðun tekin um, að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir gagngerri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, og nauðsynleg frumvörp samín, þar sem hin nýja stefna er mörkuð. Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkamt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu samhliða viðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum.

Það hefur verið augljóst einkenni allra þeirra efnahagsráðstafana, sem gripið hefur verið til árlega undanfarið, að þær hafa verið gerðar til bráðabirgða, enda ekki staðizt nema stuttan tíma í senn. Að vísu verður aldrei tekið upp efnahagskerfi, sem ætla megi að standi óbreytt um langt árabíl. Hitt er þó víst, að árlegar breytingar á aðstöðu atvinnuveganna og hin mikla óvissa, sem svo tíðum breytingum hlýtur að fylgja, draga verulega úr afköstum þjóðarbúsins og tefja þar með, að lífskjörin batni eins ört og yrði að öðrum kosti. Af þessum sökum er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarín ár. Með því móti telur stjórnin, að atvinnuöryggi sé bezt tryggt til frambúðar, og líklegust skilyrði sköpuð fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjörum. En jafnframt því að gera nauðsynlegar breytingar til varanlegrar viðreisnar í atvinnulífi landsmanna telur ríkisstjórnin sjálfsagt að gera viðtækar ráðstafanir í félagsmálum og skattamálum. Tilgangur þeirra er sá að dreifa byrðunum af þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verður að gera, sem réttlátast á þjóðarheildina og vernda hagsmunir þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu, en það eru barnmargar fjölskyldur, aldrað fólk og öryrkjar.

Vegna þessa verður að líta á tillögur þær, sem nú eru lagðar fyrir Alþingi, sem eina heild, þótt þær séu bornar fram í nokkrum frumvörpum. Meginatriði tillaganna eru þessi:

1) Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust, án bóta eða styrkja. Útflutningssjóður verði þess vegna lagður niður, en gengi krónunnar breytt, þannig að 38.00 krónur verði í Bandaríkjadollar. Eru ákvæði um þetta í þessu frv.

2) Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér vegna hækkaðs verðlags, og til þess að koma í veg fyrir hana með öllu hjá þeim, sem sízt mega fyrir henni verða, leggur ríkisstjórnin til, að mjög mikil hækkan sé gerð á bótum almennatrygginga, sérstaklega á fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri. Munu heildarbótageiðslur almennatrygginga um það bil tvöfaldast. Ákvæði um þessi efni verða í frv., sem lagt mun verða fyrir Alþingi næstu daga. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimildir, sem eru í gildandi lögum og endurnýjaðar eru í þessu frv., til þess að greiða nokkuð niður verð á kornvörum, kaffi, sykri o. fl. Munu þessar ráðstafanir hafa það í för

með sér, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar, sem hefði numið 13%, ef engar gagnráðstafanir hefðu verið gerðar, verður aðeins 3%, en kjör þeirra, sem mestrar bótaaukningar munu njóta hjá almannatryggingum, þ. e. aldraðs fólks, öryrkja og fjölskyldna með 3 börn eða fleiri, verði sem næst óbreytt.

3) Þá leggur ríkisstjórnin til, að tekjuskattur verði felldur niður á almennum launatekjum, og mun hún bráðlega flytja sérstakt frumvarp um það. Eftir þeim tilögum verða hjá barnlausum hjónum 70000 kr. tekjur undanþegnar tekjuskatti til ríkissjóðs, og síðan heimilaður 10000 kr. skattfrjáls frádráttur fyrir hvert barn, þannig að hjón með 3 börn greiði engan tekjuskatt af 100000 kr. tekjum.

4) Svo sem kemur fram í fjárlagafrumvarpi því, sem þegar hefur verið lagt fyrir Alþingi, er nú hafin gagnger endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs. Þær breytingar, sem þegar er lagt til að gerðar verði, eru fyrst og fremst nauðsynlegar vegna væntanlegs afnáms útflutningssjóðs, aukins framlags til almannatrygginga, niðurfellingar tekjuskatts á almennum launatekjum og afnáms þess 9% skatts, sem um nokkura ára bil hefur verið innheimtur af iðnaðarframleiðslu og þjónustu. Til þess að ríkissjóður verði greiðsluhallalaus, þrátt fyrir þessar breytingar, er nauðsynlegt að lögfesta nýjan gjaldstofn, og mun ríkisstjórnin þess vegna á næstunni flytja frumvarp um söluskatt. Munu bæjar- og sveitarfélög fá nokkurn hluta þess skatts til þess að gera þeim kleift að lækka útsvör.

5) Ríkisstjórnin mun enn fremur leggja til, að viðtæk breyting verði gerð á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Innflutningsskrifstofan mun verða lögð niður og öll höft afnumin af um það bil 60% árlegs innflutnings til landsins í því skyni að auka fjölbreytni í vöruvali. Að meiri hluta eru þau höft, sem haldið verður, nauðsynleg til þess að vernda viðskiptasambönd þjóðarinnar við jafnkeypislöndin í Austur-Evrópu, en innflutningur á þeim vörutegundum, sem heppilegast er talið að kaupa þaðan, verður í reyndinni ekki takmarkaður, ef þetta viðskiptasvæði er tekið sem heild. Raunveruleg höft munu því ekki verða á nema 10—15% innflutningsins. Verðlagseftirliti verður haldið. Um þessi efni verður flutt frv. innan skamms. Jafnframt hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess, að landið fái afnot af allverulegum gjaldeyrisvarasjóði hjá alþjóðastofnunum, sem Ísland er aðili að (Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu).

6) Þá er gert ráð fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands, m. a. með hækkun innláns- og útlánsvaxta.

7) Til þess að koma í veg fyrir, að aftur hefjist það kapphlaup milli verðlags og kaupgjalds, sem tókst að stöðva á síðastliðnu ári, leggur ríkisstjórnin til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Reynslan hefur sýnt, að það vísitölukerfi, sem hér hefur verið í gildi síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hefur ekki verið launþegum til neinna varanlegra hagsbóta. Þess vegna leggur ríkisstjórnin til, að það verði afnumið, og eru ákvæði um það í þessu frv. Hins vegar eru ekki í frumvarpinu nein ákvæði um grunnkaup. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda, að semja um kaup og kjör. Þegar afkoma atvinnuveganna leyfir hækkun kaupgjalds, telur ríkisstjórnin hana eðlilega og sjálfsagða, en hún mun beita sér gegn því, að kaup verði hækkað og kostnaðinum við þá hækkun síðan velt yfir á herðar almennings í landinu með hækkun vöruverðs eða á annan hátt.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því í einstökum atriðum, hvers vegna ríkisstjórnin telur gagngera stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar nauðsynlega, í hverju ráðstafanir þær, sem hún leggur til, eru fólgnar, og hvaða áhrif er sennilegt, að þær hafi á efnahagslífið og afkomu landsmanna.

Greiðsluhallinn.

Um mörg undanfarin ár hefur þjóðarbúskapur Íslendinga verið rekinn með halla gagnvart öðrum löndum. Þessi halli kom í ljós í lok styrjaldarinnar og hefur haldizt síðan að heita má óslitið, ef frá er talið árið 1954. Hallinn var

fyrst jafnaður með notkun þeirra erlendu innstæðna, sem safnast höfðu á stríðs-árunum, en síðan með efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum á tímum Marshall-áætlunarinnar (1948—1953). Á s. l. fimm árum hefur hallinn verið greiddur með miklum erlendum lántökum, og með því að eyða gjaldeyriseignum og mynda gjald-eyrisskuldir. Meðfylgjandi tafla (nr. 1) gefur yfirlit um þennan halla þjóðarbú-
skaparins á árunum 1955—1958. Sýnir hún, að hallinn hefur á þessu tímabili numið samtals 776 millj. kr., eða tæpum 200 millj. kr. á ári að meðaltali. Af þessari upphæð hafa 568 millj. kr. verið jafnaðar með erlendum lántökum, en 208 millj. kr. með því að eyða gjaldeyriseignum og mynda gjaldeyrisskuldir.

Upplýsingar liggja enn ekki fyrir um það, hver hallinn hafi verið á árinu 1959, en gera má ráð fyrir, að hann hafi ekki verið lægri en 350 millj. kr. Af þeirri upp-
hæð voru 92 millj. kr. jafnaðar með eyðingu gjaldeyriseigna og myndun gjaldeyrisskulda og hinn hlutinn, eða um 260 millj. kr., með erlendum lánnum opinberra aðila og einkaaðila. Halli ársins 1959 varð sérstaklega mikill vegna aukningar birgða út-
flutningsvöru, einkum bræðslusildarafurða, er nam um 84 millj. kr.

Greiðslubyrðin.

Hin mikla lánsfjárnotkun undanfarinna ára hefur leitt til þess, að greiðslubyrði landsins vegna vaxta og afborgana af erlendum lánnum hefur vaxið ört. Meðfylgj-
andi tafla (nr. 2) gefur yfirlit um þessa greiðslubyrði eins og hún hefur verið á undanförunum árum, og eins og hún mun verða á næstu árum vegna þeirra lána, sem þegar hafa verið tekin. Sýnir taflan, að á árunum 1951 til 1955 nam gjaldeyrissbyrðin ekki nema um 30 millj. kr. á ári og um 3% af heildargjaldeyriskjómum. Síðan 1956 hefur greiðslubyrðin farið ört vaxandi. Var hún 87 millj. kr. árið 1958, 138 millj. kr. árið 1959 og verður 163 millj. kr. árið 1960. Hámarki sínu, 183 millj. kr., nær greiðslubyrðin árið 1961, og svo framarlega sem nýjar lántökur koma ekki til, mun hún byrja að lækka að nýju árið 1962. Áætla má, að á árunum 1959—1963 muni greiðslubyrðin nema að meðaltali um 10% af heildargjaldeyriskjómum þjóðarinnar. Þetta er mjög þung greiðslubyrði, og að öllum líkindum þyngri en í nokkru öðru landi að einu undanteknu.

Þessi mikli og ískyggilegi vöxtur greiðslubyrðarinnar var þegar fyrirsjáan-
legur fyrir nokkrum árum. Hagfræðinganevnd sú, sem starfaði í ársbyrjun 1958 á vegum þáverandi ríkisstjórnar, gerði þessu máli ýtarleg skil í einni af skýrslum sínum (Erlend lán, dags. 5. febr. 1958), en í nefnd þessari voru hagfræðingarnir Haraldur Jóhannsson, Jónas H. Haralz, Klemens Tryggvason, Kristinn Gunnarsson og Torfi Ásgeirsson. Þá voru lántökurnar ekki orðnar eins miklar og síðar hefur orðið, og gerði nefndin ekki ráð fyrir, að greiðslubyrðin á árunum 1958—1962 yrði þyngri en 130 millj. kr. á ári og um 8% af gjaldeyriskjómum. Þetta taldi nefndin þó mjög hátt hlutfall, og segir um það efni (bls. 6): „Í flestum þeim löndum, þar sem upplýsingar um þetta efni liggja fyrir, er hlutfallið á milli greiðslubyrðar annars vegar og gjaldeyriskjómna hins vegar lægra en 5%. Af 53 löndum er það aðeins í 13, sem greiðslubyrðin er meir en 5% af gjaldeyriskjómum, og aðeins í 3, sem hún er hlutfallslega þyngri en á Íslandi.“ (Þ. e. yfir 8%). Af þessu dregur nefndin síðan þá ályktun (bls. 8) „að á næstu árum megi ekki bæta á þá greiðslubyrði, sem þegar hefur myndast, eða nú er að myndast.“

Gjaldeyrissstaðan.

Lækkun gjaldeyriseigna og aukning gjaldeyrisskulda hefur leitt til mjög erf-
iðrar gjaldeyrisstöðu, einkum í frjálsum gjaldeyri. Meðfylgjandi tafla (nr. 3) gefur yfirlit um gjaldeyrisstöðuna og breytingar hennar á undanförunum árum. Sýnir taflan, að í árslok 1954 áttu bankarnir hreinar gjaldeyriseignir í frjálsum gjald-
eyri að upphæð 220 millj. kr. Í árslok 1959 voru þessar eignir með öllu horfnar, og í staðinn komin hrein skuld, að upphæð 65 millj. kr. Gjaldeyrissstaðan hafði með
öðrum orðum versnað um 285 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri á fimm árum. Á sama

tíma hafði hún versnað um 15 millj. kr. í jafnkeypisgjaldeyri, eða um 300 millj. kr. samtals.

Það mun óhætt að fullyrða, að um s. l. áramót hafi gjaldeyrisstaða Íslands verið verri en nokkurs annars lands, sem upplýsingar liggja fyrir um, að einu eða tveimur e. t. v. undanskildum. Allir yfirdráttarmöguleikar íslenskra banka erlendis voru nýttir til hins ýtrasta og mjög tilfinnanlegar hömlur á gjaldeyrisyfurfærslum, jafnvel til brýnna nauðsynja.

Það hefur lengi verið ljóst, að hverju stefndi um gjaldeyrisstöðuna. Almenn er talið, að til þess að geta haldið uppi eðlilegum rekstri þjóðarbúskaparins og mætt þeim áföllum, sem ætíð kunna að verða af völdum slæms árferðis eða óhagstæðra viðskiptakjara, sé nauðsynlegt að eiga gjaldeyrisforða, er nemi a. m. k. 30—40% af árlegum innflutningi. Jafnvel í árslok 1954 var gjaldeyrisforði Íslands ekki svo stór, og undanfarin tvö ár hefur enginn forði verið til. Af þeim sökum þurfti ekki annað að koma fyrir en nokkur tregða á sölu bræðslusíldarafurða í árslok 1959, til þess að skapa slíkt vandræðaástand, að varla reyndist mögulegt að úthluta gjaldeyri til að standa við umsamdar greiðslur erlendra lána og til að kaupa rekstrarvörur atvinnuveganna.

Ástand efnahagsmálanna.

Hin þunga greiðslubyrði og hin slæma gjaldeyrisstaða hafa skapað mjög alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi liggur við borð, að landið geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar erlendis, þ. e. a. s., að það komist í greiðsluþrot. Slíkt ástand, sem óviða hefur þekkzt síðan á dögum heimskreppunnar miklu, hefur nú skapað hér á landi í góðu árferði innanlands og í hagstæðu verzlunarárferði á erlendum mörkuðum, ef frá er talin nokkur verðlækkun á bræðslusíldarafurðum. Í öðru lagi hlýtur gjaldeyrisskorturinn innan skamms tíma að leiða til samdráttar í framleiðslu landsmanna, vegna þess að ekki er hægt að flytja inn rekstrarvörur og byggingarefni jafnt og eðlilega, og gjaldeyrir er ekki aflögu til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta ástand hlýtur von bráðar að rýra lífskjör almennings bæði sökum minnkandi atvinnu og skorts á innfluttum neyzluvörum.

Það er óhjákvæmileg nauðsyn, að gera þegar í stað ráðstafanir til að binda endi á greiðsluhallann við útlönd. Ríkisstjórnin telur, að þetta sé ekki hægt nema á þann hátt, sem lagt er til í þessu frumvarpi og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir. Orsök greiðsluhallans er ekki sú, að útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur séu ekki miklar. Þær hafa aldrei verið meiri í sögu þjóðarinnar. Orsökina er röng gengisskráning og útlán banka umfram sparifjárukningu. Meðan þær orsakir eru ekki brott numdar, hlýtur greiðsluhallinn að haldast, hversu mikið sem útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur aukast.

Þegar útflutningsframleiðsla eykst, skapast um leið auknar tekjur innanlands. Sé þeim tekjum varið til neyzlu og fjárfestingar, mynda þær nýja eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem jafnar út hina upphaflegu aukningu gjaldeyristekna, þannig að greiðsluhallinn verður óbreyttur. Því aðeins, að hluti af hinum auknu tekjum sé hvorki notaður til neyzlu né fjárfestingar, þ. e. að hann sé sparnaður, sem ekki sé lánaður eða afhentur öðrum til afnota, getur greiðsluhallinn minnkað. Við þær aðstæður, sem hér hafa verið ríkjandi undanfarin ár, þ. e. að menn hafa litla trú haft á verðgildi peninganna, eru litlar líkur til þess, að nokkur verulegur hluti af tekjuaukningunni sé sparnaður á þennan hátt. Það er meira að segja ekki ósennilegt, að aukin framleiðsla og auknar tekjur geti beinlínis leitt til aukinnar fjárfestingar, og þannig aukið hallann. Þegar eðlilegt ástand hefur skapað í efnahagsmálum, eins og þetta frumvarp stefnir að, verður viðhorfið allt annað. Þá stuðlar framleiðsluaukning beinlínis að því að halda góðu jafnvægi í efnahagslífinu með því að skapa skilyrði til myndunar nauðsynlegs gjaldeyrisforða samhliða bættum lífskjörum og aukinni fjárfestingu.

Gengisskráningin.

Það er alkunnugt, að hin opinbera gengisskráning hefur ekki verið að öllu leyti rétt síðan á árinu 1951, og að sú skekkja hefur farið sívaxandi. Ef ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar æ ofan í æ til að leiðrétta að nokkru leyti gengisskráninguna með bátagjaldeyri, útflutningsbótum og yfirfærslubótum, hefði framleiðsla þjóðarinnar fyrir löngu stöðvast. Lögin um útflutningssjóð frá vorinu 1958 voru róttækasta skrefið, sem stigið hefur verið til leiðréttingar gengisskráningarinnar fram að þessu. Með þeim lögum voru tekin upp þrjú almenn gengi fyrir útflutning, 155%, 170% og 180%, miðað við hina opinberu skráningu. Sváraði þetta til þess, að verð á Bandaríkjadollar væri 25.20 kr., 27.64 kr. og 29.27 kr. Jafngilti þetta lækkun á gengi krónunnar í útflutningsverzluninni um 35—45%. Tvö almenn gengi voru tekin upp fyrir innflutning og aðrar gjaldeyrisyfirfærslur, 130% og 155%, miðað við hina opinberu skráningu. Sváraði þetta til þess, að verð á Bandaríkjadollar væri 21.22 kr. og 25.30 kr., og jafngilti lækkun á gengi krónunnar um 23—35%. Í viðbót við þetta voru svo greiddar ýmsar sérbætur á útflutning og lagt á sérstakt innflutningsgjald á nokkurn hluta innflutningsins. Það var aðeins kaup og sala varnarliðsins á erlendum gjaldeyri, sem laut hinni opinberu gengisskráningu, og var þar þó um augljósa bráðabirgðaráðstöfun að ræða, eins og nánar verður vikið að síðar. Það kerfi, sem sett var á fót með lögnum frá 1958, hefur í aðalatriðum verið við lýði síðan, þótt nokkur hækkun hafi orðið á útflutningsbótum, einkum ýmiss konar sérbótum.

Mikið vantaði á, að gengisskráningin væri með þessu móti leiðréttil til fulls. Þótt bætur og gjöld væru samræmd miðað við það, sem áður tíðkaðist, var samt um margs konar gengi að ræða. Enn þýðingarmeira var þó hitt, að gengið á meginhluta innflutningsins (155%) var langt fyrir neðan gengið á meginhluta útflutningsins (180%). Þetta lága gengi á innflutningnum hlaut að leiða til þess, að mikil eftirspurn yrði eftir meginþorra innfluttra vara og þar með stöðug hætta á halla í greiðslujöfnuðinum. Enn fremur var varla mögulegt annað en að þessi gengismunur leiddi til halla hjá útflutningssjóði. Reynt var að komast hjá þessu með því að leyfa sem frjálsastan innflutning hátollavöru, en hvort tveggja var, að hin háu gjöld á þessum vörum drógu úr eftirspurn eftir þeim, og eins hitt, að gjaldeyriskortur gerði stundum erfitt að úthluta gjaldeyri til þeirra. Stóðust því aldrei þær áætlanir, sem gerðar voru um innflutning þessarar vöru. Þannig hafði verið gert ráð fyrir því vorið 1958, að innflutningur hátollavöru yrði 226 millj. kr. það ár, en hann reyndist 190 millj. kr. Í ársbyrjun 1959 var gert ráð fyrir, að þessi innflutningur yrði 212 millj. kr. það ár. Stóðst sú áætlun allvel lengi fram eftir árinu, en í október varð að mestu að hætta gjaldeyrisúthlutun til innflutnings þessarar vöru, og mun innflutningur hafa orðið svipaður og árið 1958, eða um 190 millj. kr.

Áætla má, að á árinu 1959 hafi útflutningssjóður greitt bætur á útflutninginn, er námu 86.7% af fob-verðmæti hans. Hins vegar voru tekjur sjóðsins af innflutningi ekki meir en sem sváraði 68.5% af fob-verðmæti hans. Auðséd er, hve erfitt hlaut að vera að ná jafnvægi í fjárhag útflutningssjóðs við slíkar aðstæður. Sannleikurinn er sá, að slíku jafnvægi var aðeins hægt að ná með einu móti: með því að hafa mikinn greiðsluhalla við útlönd, er jafnaður væri með erlendum lánum, en þó umfram allt með eyðslu gjaldeyrisforða eða söfnun gjaldeyrissskulda. Stafaði þetta af því, að aðeins voru greiddar 55% yfirfærslubætur á erlend lán og engar yfirfærslubætur á notaðan gjaldeyrisforða eða söfnun gjaldeyrissskulda. Hins vegar hlaut aukinn útflutningur að leiða til vaxandi halla, vegna þess hversu miklu hærri meðalbætur eru á útflutningi en meðalgjöld á innflutningi. Það var eingöngu vegna hins mikla greiðsluhalla við útlönd, sem afkoma útflutningssjóðs varð eins tiltölulega góð á árunum 1958 og 1959 og raun ber vitni.

Staða útflutningssjóðs.

Það hefur legið ljóst fyrir frá því að núverandi lög um útflutningssjóð o. fl. voru undirbúin vorið 1958, hversu mjög afkoma sjóðsins var komin undir mikilli

notkun erlends lánsfjár, miklum innflutningi hátollavöru og enn fremur því, að gjaldeyrstekjur væru ekki notaðar til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Áætlanir um afkomu sjóðsins, sem gerðar voru vorið 1958, voru beinlínis byggðar á öllum þessum atriðum. Í skýrslu sinni frá 10. maí 1958, „Áætlanir um afkomu útflutningssjóðs“, gerir efnahagsmálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, Jónas H. Haralz, m. a. eftirfarandi athugasemdir varðandi þessi atriði:

„Gjaldeyrisstaða bankanna er svo slæm, að þeir geta lent í alvarlegum vanskilum við erlenda banka, nema því aðeins, að þeim sé gert mögulegt að minnka gjaldeyris-skuldir sínar að einhverju leyti. Það er því erfitt að sjá, hvernig komizt verður hjá því að verja einhverjum hluta af gjaldeyristekjum ársins eða einhverjum hluta hins erlenda lánsfjár til lækkunar gjaldeyris-skulda.

Það er mjög vafasamt, hvort mögulegt er að flytja inn eins mikið af gjaldháum vörum og áætlunin gerir ráð fyrir, án þess að skortur verði á öðrum vörum, sem lægri gjöld bera. Það er líka óvíst, hvort næg eftirspurn yrði eftir þessum vörum, þó að leyfisveitingar fyrir þeim yrðu rýmkaðar, ekki sízt með tilliti til þess, að þær hækka verulega í verði og að talsvert virðist hafa verið flutt inn af þeim fyrstu mánuði ársins 1958.

Hinn mikli innflutningur, sem gert er ráð fyrir á árinu 1958, byggist að verulegu leyti á óvenjulega mikilli notkun erlends lánsfjár. Sú notkun er áætluð 318 millj. kr., eða yfir 20% af gjaldeyristekjum af sölu vöru og þjónustu. Þetta er miklu meiri notkun lánsfjár en nokkru sinni hefur átt sér stað áður, og miklu meiri en búast má við á árinu 1959 og á árunum þar á eftir. Af þessum sökum hlýtur innflutningur á árinu 1959 að lækka um 100—200 millj. kr. frá því, sem verður 1958, að öllum öðrum aðstæðum óbreyttum. Greiðsla yfirfærslubóta minnkar um leið og notkun lánsfjár, en þar sem búast má við, að minnkun innflutnings komi fyrst og fremst niður á gjaldháum vörum, er líklegt, að tekjur útflutnings-sjóðs minnki allmiklu meir en útgjöld hans. Eina leiðin til að sporna gegn þessu væri að draga mjög úr fjárfestingu, og þar með innflutningi fjárfestingarvöru, er myndi veita meira svigrúm fyrir innflutning hágjaldavöru.“

Niðurstaða skýrslunnar er eftirfarandi:

„Af öllum þessum sökum virðist það einsætt, að nokkur halli verði hjá bæði útflutningssjóði og ríkissjóði samkvæmt hinu nýja kerfi þegar frá byrjun. Þessi halli verður þó miklu minni en verið hefði að gamla kerfinu óbreyttu. Þegar kemur fram á árið 1959, eru allar líkur til, að hallinn fari stórvaxandi.“

Fyrstu mánuðina eftir að hin nýju lög gengu í gildi, batnaði hagur útflutnings-sjóðs verulega. Stafaði þetta af því, að þessa mánuði fékk sjóðurinn tekjur eftir hinum nýju lögum, en innti lengi vel útflutningsbætur af hendi eftir hinum gömlu. Í árslok 1958 taldi stjórn sjóðsins, að hagur hans væri um það bil 40 millj. kr. betri en í ársbyrjun. Fyrstu mánuði ársins 1959 versnaði hins vegar hagur sjóðsins mjög á nýjan leik.

Þegar áætlanir voru gerðar í ársbyrjun 1959 um starfsemi útflutningssjóðs það ár, voru þær við það miðaðar, að hægt væri að reka sjóðinn hallalaust með þeim sömu gjöldum, er upphaflega höfðu verið ákveðin vorið 1958. Var þetta því aðeins hægt, að enn væri gert ráð fyrir mikilli lánsfjárnotkun og miklum innflutningi hátollavöru. Til að standa straum af þeirri aukningu útgjalda, er leiddi af aukinni aðstoð við útgerðina og auknum niðurgreiðslum, var sjóðnum séð fyrir fjárframlagi frá ríkissjóði og hækkun leyfisgjalda á bifreiðum.

Reyndin varð sú, að þessar áætlanir stóðust ekki. Notkun opinbers erlends lánsfjár varð talsvert minni en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar varð útflutningsframleiðslan, einkum af síldarafurðum, meiri en búizt hafði verið við. Sömuleiðis voru útflutningsbætur á síldarafurðir hækkaðar meira fyrir síldarvertíð en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi ársins. Þessar þrjár breytingar frá upphaflegu áætluninni, minni notkun lánsfjár, meiri útflutningur og hærri bætur á síldarafurðum, hefðu átt að leiða til verulegs halla hjá sjóðnum á árinu 1959. Nú skeði

það hins vegar á síðustu mánuðum ársins, að útflutningur sildarafurða stöðvaðist að mestu, og birgðir útflutningsvöru jukust. Bankarnir urðu að auka yfirdráttarskuldir sínar erlendis í sama mæli og birgðaaukningunni nam. Útflutningssjóður fékk tekjur af þeim innflutningi, sem keyptur var fyrir yfirdráttarlánin, en þurfti ekki enn sem komið var að greiða bætur á útflutningsbirgðirnar. Af þessum ástæðum varð afkoma sjóðsins á árinu 1959 miklu betri en ella hefði orðið. Þetta hlaut þó jafnframt að eiga eftir að koma fram í lakari afkomu á árinu 1960.

Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir um afkomu útflutningssjóðs árið 1959. Það yfirlit um tekjur og gjöld sjóðsins, sem stjórn sjóðsins sendi ríkisstjórninni 18. jan. s. l., ásamt þeirri áætlun um gjaldkræfar kröfur á sjóðinn, sem stjórn sjóðsins samdi í desembermánuði s. l., gefa þó skýra mynd af afkomu sjóðsins árið 1959, sem varla á eftir að breytast í veigamiklum atriðum. Samkvæmt þessum upplýsingum var halli sjóðsins á árinu um 30 millj. kr., og hefur þá verið tekið tillit til bæði ógreiddra, gjaldfallinna krafna og óinnheimtra, gjaldfallinna tekna.

Hér eru þó engan veginn öll kurl komin til grafar. Ætíð er mikið útistandandi af kröfum á sjóðinn fyrir vörur, sem farnar eru úr landi og búið er að skila gjaldeyri fyrir, en staðfestar kröfur um greiðslu bóta liggja enn ekki fyrir um. Samkvæmt áætlun sjóðsstjórnarinnar jukust þessar kröfur um 46 millj. kr. á árinu. Þá áætla stjórn sjóðsins í desember að kröfur vegna birgða og afskipaðs útflutnings, sem gjaldeyri hafi ekki verið skilað fyrir, hafi aukizt um 106 millj. kr. á árinu. Ekki er ósennilegt að þessi tala muni eitthvað lækka, þegar nákvæmari gögn liggja fyrir.

Samkvæmt þessum upplýsingum, ætti því halli sjóðsins að viðbættri aukningu krafna vegna útflutningsframleiðslu, sem annaðhvort er þegar farin úr landi eða liggur í birgðum, að hafa numið um það bil 180 millj. kr. á árinu 1959. Þótt hér sé að verulegu leyti um áætlanir að ræða og hin endanlega niðurstaða geti orðið eitthvað önnur en þetta, er þó ljóst hversu óvænlega myndi horfa um afkomu sjóðsins á árinu 1960. Það ár verður hann að greiða bætur á þær útflutningsbirgðir, sem söfnuðust upp á árinu 1959, án þess að fá neinar tekjur af þeim gjaldeyri, sem fyrir þær fæst, þar sem þær tekjur verða að ganga til að greiða þau yfirdráttarlán bankanna, sem tekin voru vegna birgðaaukningarinnar. Jafnframt þessu verður að gera ráð fyrir minni notkun opinbers erlends lánsfjár og minni innflutningi á hátollavöru sökum gjaldeyrissskortsins.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að afkoma útflutningssjóðs hefur frá því fyrsta byggzt á því, að notkun erlends lánsfjár væri mikil, að mikið væri flutt inn af hátollavöru og að gjaldeyristekjum væri ekki varið til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Sést af þessu og af því, sem áður hefur verið sagt um hið lága gengi á meginhluta innflutningsins, hversu samtvinnaður hallinn á greiðslujöfnuðinum er því fyrirkomulagi í gengismálum, sem hér hefur verið við lýði. Annars vegar hlýtur hið lága gengi á meginhluta innflutningsins að leiða til greiðsluhalla. Hins vegar er greiðsluhallinn beinlínis skilyrði þess, að jafnvægi geti náðst í fjárhag útflutningssjóðs.

Gallar bóta- og gjaldakerfisins.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á það, að núverandi bóta- og gjaldakerfi er þannig upp byggt, að því aðeins er hægt að afla nægilegra tekna til að standa straum af bótagreiðslum útflutningssjóðs, að mikill halli sé á greiðslujöfnuðinum. Þessi galli er svo veigamikill, að hann einn gerir það að verkum, að kerfið getur ekki staðið til frambúðar, þar sem því eru ákveðin takmörk sett, hversu mikill hallinn getur verið og hversu lengi hann getur staðið. En aðrir gallar og þeir veigamiklir koma einnig til. Eru þeir gallar allir þess eðlis, að rekstur atvinnuveganna verður óhagkvæmari en ella hefði verið og afrakstur þjóðarbúsins þarafleiðandi minni.

Þess er þá fyrst að geta, að ýmsum greinum útflutningsframleiðslu og gjaldeyrisöflunar eru greiddar misháar bætur. Ef gengið væri eitt eða bætur jafnar, myndi

verðlag erlendis og framleiðslukostnaður innanlands hafa úrslitaáhrif á útflutningsframleiðsluna, eins og hagkvæmast er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Framleiðslan myndi beinast inn á þau svið, þar sem erlent verðlag er tiltölulega hagstæðast og framleiðslukostnaður tiltölulega minnstur, en það er einmitt framleiðsla á þeim sviðum, sem gefur þjóðarbúinu mest í aðra hönd. Þegar bætur eru mismunandi, beinist framleiðslan hins vegar inn á þau svið, þar sem bætturnar eru tiltölulega hæstar samanborið við framleiðslukostnað, og það má einmitt gera ráð fyrir, að hæstar bætur séu greiddar með þeirri framleiðslu, sem ella ætti örðugast uppdráttar. Þegar yfir stutt tímabil er litið, hefur þetta lítil áhrif á það, hvert framleiðslan beinist, en þegar bótakerfi stendur árum eða jafnvel áratugum saman, hlýtur afleiðingin hins vegar að verða sú, að framleiðslu, sem ekki er þjóðarbúinu hagkvæm, er haldið uppi, en önnur framleiðsla drepin í dróma, þótt hún gæti gefið þjóðarbúinu miklu meira í aðra hönd.

Nákvæmlega sömu áhrif hefur það, þegar gengi á innfluttum rekstrarvörum og framleiðslutækjum er haldið langt fyrir neðan meðalgengi útflutnings og innflutnings, eins og tíðkamt hefur hér á landi. Með þessu móti er þeim atvinnugreinum, er nota mikið af erlendum rekstrarvörum og tækjum, beinlínis ívilnað á kostnað þeirra, sem byggja framleiðslu sína meira á innlendum framleiðsluþáttum. Þetta gerir hvort tveggja í senn, að beina framleiðslunni inn á brautir, sem eru þjóðarbúinu óhagkvæmar, og skapa greiðsluhalla við útlönd.

Sömu afleiðingar hefur hinn mikli mismunur, sem er á raunverulegu innflutningsgengi ýmissa vörutegunda. Sumar atvinnugreinar, sem að öðrum kosti ættu hér góð lífsskilyrði, berjast í bökkum, eða geta ekki komizt á fót, vegna þess að framleiðsla þeirra verður að keppa við vörur, sem fluttar eru inn á gengi, sem er langt fyrir neðan meðalgengi. Aðrar framleiðslugreinar, sem að öðrum kosti ættu hér engin eða lítill lífsskilyrði, blómgast, vegna þess að þær keppa við vörur, sem flytjast inn á gengi, sem er langt fyrir ofan meðalgengi.

Þeir gallar bóta- og gjaldakerfisins, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni, hafa löngum verið mönnum ljósir. Eitt aðalmarkmið þeirra efnahagsráðstafana, sem gerðar voru vorið 1958, var einmitt að draga úr þessum göllum. Í þeim athugasemdum, sem þáverandi ríkisstjórn lét fylgja frumvarpi sínu um útflutningssjóð o. fl., er sagt, að frumvarpið, auk þess að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins, miði að því tvennu, „að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris . . .“ og „að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.“ Til skýringar á nauðsyn þess að draga úr misræminu í verðlaginu segir enn fremur í athugasemdunum:

„Við tekjuöflun til greiðslu útflutningsbótanna hefur verið forðazt að innheimta gjöld af þeim vörum, sem mesta þýðingu hafa í rekstri útflutningsatvinnuveganna og neyzlu almennings. Þetta hefur leitt til misræmis í vöruverði, sem í vaxandi mæli hefur stuðlað að óeðlilegri notkun erlends gjaldeyris og átt sinn þátt í gjaldeyriskortinum, sem ríkt hefur. Fyrirtæki hafa gætt minnkandi hagsýni í notkun erlendrar rekstrarvöru, vegna þess að verð hennar hefur verið miklu lægra en verðlag innanlands yfirleitt og verðlag útflutningsafurðanna, að útflutningsbótunum meðtöldum. Fyrirtæki hafa þess vegna leiðzt til þess að nota erlenda vöru fremur en innlenda vöru eða vinnu, þegar tók hafa verið á að velja þar á milli.“

Gjaldeyris- og innflutningshöftin.

Þá kemur það einnig til, að ómögulegt er að halda uppi slíku bóta- og gjaldakerfi, sem hér hefur verið við lýði, nema með viðtækum gjaldeyris- og innflutningshöftum. Slík höft voru sett á laggirnar víða um lönd vegna þess neyðarástands, sem heimskreppan mikla skapaði, og þeim var viðhaldið á stríðsárunum og þeim erfið-

leikaárum, sem í kjölfar styrjaldarinnar sigldu. Nú er hins vegar svo komið, að nær því allar þær þjóðir, sem höftin tóku upp á sínum tíma, hafa afnumið þau að mestu eða öllu leyti og að nýju horfið að haftalausum viðskiptaháttum. Í Vestur-Evrópu er Ísland eina landið, sem enn býr við viðtæk gjaldeyris- og innflutningshöft.

Vegna þess, hversu lengi höftin hafa verið við lýði hér á landi, vill það gleymast, að þau eru ekki eðlilegur hluti heilbrigðs efnahagskerfis, heldur neyðar-úrræði kreppu- og stríðsára. Tilfinningin er jafnvel farin að sljóvgast fyrir því, að í kjölfar þeirra getur siglt margs konar misrétti og jafnvel spilling, að þau eru dýr í framkvæmd, bæði fyrir ríki og innflytjendur og þar með þjóðina alla, og að þau hafa óhagkvæm áhrif á rekstur þjóðarþúskaþarins og afkomu almennings.

Að sínu leyti eru áhrif haftanna sama eðlis og þau áhrif bóta- og gjaldakerfisins, sem að framan var lýst. Höftin gera það að verkum, að framleiðslan beinist í aðrar áttir en þær, sem hagkvæmastar eru. Tilraunir til að takmarka eða stöðva innflutning sumra vörutegunda leiða til þess, að hafin er framleiðsla, sem annars gæti ekki þrífizt. Þessi framleiðsla dregur síðan vinnuafli og fjármagn frá annarri framleiðslu, sem byggð er á heilbrigðari grundvelli. Þar við bætist, að höftin torvelða eðlilegan gang framleiðslunnar, þar sem þau geta orðið til þess, að efnivörur og aðrar rekstrarvörur berist ekki að jafnt og eðlilega. Fyrirtækjum er gert erfiðara að afla sér framleiðslutækja, og tilviljanir og annarleg sjónarmið geta ráðið því, hvaða atvinnufyrirtækjum eða framleiðslugreinum er leyft að þróast.

Einkum og sér í lagi á þetta við, þegar beinlínis verður að nota höftin til að ýta undir innflutning þeirra vörutegunda, sem greiða há gjöld, og takmarka innflutning þeirra vörutegunda, sem lág gjöld greiða, eins og orðið hefur að gera hér á landi. Undanfarin ár hefur orðið að setja miklar takmarkanir á innflutning vörubifreiða á sama tíma sem reynt hefur verið að flytja inn sem mest af fólksbílum. Strangar hömlur hafa verið á innflutningi hvers konar véla á sama tíma sem innflutningur þeirrar neytluvöru, sem menn helst teljast geta verið án, hefur verið að mestu leyti frjáls. Það þarf ekki miklum getum að því að leiða, hvaða afleiðingar slíkt fyrirkomulag hlýtur að hafa á atvinnulíf þjóðarinnar, þegar fram í sækir.

Þá er hitt ekki síður þýðingarmikið, að höftin takmarka eðlilega samkeppni í innflutningsverzluninni og stuðla þannig beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur en ella myndi. Það er ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, hversu gagnlegt sem verðlagseftirlit annars kann að vera. Á s.l. tíu árum hafa orðið geysimiklar framfarir á Vesturlöndum í vörudreifingu. Rutt hafa sér til rúms nýir verzlunarhættir, sem hafa í för með sér minni verzlunarkostnað og stóráukin þægindi fyrir neytendur. Það á sér sjálfsagt margar orsakir, hversu lítið þessara framfara hefur enn gætt á Íslandi, en ein þýðingarmesta orsök er einmitt innflutningshöftin.

Tillögur ríkisstjórnarinnar.

Í ljósi þess, sem sagt hefur verið hér að framan, telur ríkisstjórnin það ekki álitamál, að nauðsynlegt sé að afnema bóta- og gjaldakerfið og leiðrétta gengisskráninguna að fullu. Hitt er ríkisstjórninni vel ljóst, að þetta verður ekki gert nema með viðtækum breytingum í öllu efnahagslífinu. Þessar breytingar eru erfiðar í framkvæmd, vegna þess hve viðtækar þær eru, og hversu mjög þær snerta hagsmuni allra stétta þjóðfélagsins. Engin ríkisstjórn myndi gera tillögur um slíkar breytingar að óþörfu. Það er vegna þess, að ríkisstjórnin er sannfærð um, að þjóðarvoði sé fyrir dyrum, ef slíkar ráðstafanir séu ekki gerðar, að hún gerir nú tillögur um viðtækari ráðstafanir í efnahagsmálum en gerðar hafa verið hér á landi síðasta áratuginn að minnsta kosti. Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir þessum tillögum í aðalatriðum.

Nýja gengið.

Lagt er til, að hið nýja gengi verði jafngildi kr. 38.00 á Bandaríkjadollar. Þetta gengi er við það miðað, að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bát-

anna, beri það sama úr bítum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbotum meðtöldum. Þessar bætur eru nú 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisks (sbr. töflu nr. 4, sem gefur yfirlit um núgildandi útflutningsbætur). Þessar bætur svara til gengis, sem væri tæpar 32 kr. á Bandaríkjadollar. Þetta gengi myndi þó ekki nægja til að veita bátautveginum þá afkomu, sem hann nú hefur, vegna þess að útvegurinn kaupir erlendar rekstrarvörur sínar og framleiðslutæki með aðeins 55% yfirfærslugjaldi, þ. e. a. s. á gengi, sem svarar til rúmlega 25 kr. á Bandaríkjadollar. Eftir að hin nýja gengisskráning hefur gengið í gildi, verður útvegurinn hins vegar að flytja þessar vörur inn á sama gengi og hann fær fyrir útflutninginn. Þegar tekið er tillit til þessa og enn fremur gert ráð fyrir, að bátautveginum verði bætt það verðfall, sem orðið hefur á síðasta ári á fiskimjöli, verður niðurstaðan sú, að hið nýja gengi þurfi að vera kr. 38.00 á Bandaríkjadollar. Miðað við það meðalgengi, sem nú er á Bandaríkjadollar í útflutningi, kr. 30.36, er hér um að ræða lækkun á gengi krónunnar um 20%, en miðað við hið almenna gengi, sem nú er á Bandaríkjadollar í innflutningi, kr. 25.30, lækkun um 34%.

Togarar hafa undanfarinn áratug yfirleitt fengið mun lægri bætur en bátar, enda hafa flestir þeirra verið reknir með tapi. Á þessu var gerð mikil leiðrétting með útflutningssjóðslögunum vorið 1958. Af þessum sökum, og eins vegna góðra aflabragða, varð afkoma togaraflotans öll önnur það ár en hún hafði verið áður. Á árinu 1959 hefur aftur sótt í fyrra horf með afkomu togaranna. Kemur þar hvort tveggja til, að bætur togaranna hafa ekki verið hækkaðar að heitið geti síðan 1958 þrátt fyrir aukinn tilkostnað, og að aflabrögð hafa orðið rýrari en árið 1958. Hin lélegu aflabrögð leiða aftur á móti af útfærslu landhelginnar, sem hefur útilokað togarana frá mörgum heztu heimamiðunum, og minnkun afla á fjarlægum miðum. Minni afli hefur ekki aðeins valdið lakari afkomu togaranna heldur einnig leitt til þess, að tekjur togarasjómannanna hafa lækkað og orðið tiltölulega óhagstæðar, einkum miðað við tekjur bátasjómannanna. Ríkisstjórnin telur, að hin nýja gengisskráning muni skapa möguleika á því að færa kjör togarasjómannanna til samræmis við kjör bátasjómannanna, og jafnframt grundvöll fyrir hallalausum rekstri togaranna.

Síldarútvegurinn hefur fengið lægri bætur en nokkur önnur grein útflutningsins. Lengst af hafa bæturnar verið miklu lægri en annarra greina, og það enda þótt þessi grein sé sérstaklega háð sveiflum í aflabrögðum. Með útflutningssjóðslögunum frá 1958 og hækkun bóta á síldarafurðum sumarið 1959 var þó mjög dregið úr þessum mismun. Nú er ætlunin að munurinn hverfi að fullu, enda hafa alvarlegar horfur skapast varðandi sölu á afurðum þessarar atvinnugreinar.

Að því er saltsíldina snertir, er það fyrirsjáanlegt, að markaðir hennar í Sovétríkjunum, Póllandi og e. t. v. einnig í Austur-Þýzkalandi muni dragast saman á þessu ári, og er sennilegt, að sá samdráttur verði meir en stundarfyrirbrigði. Verður þá óhjákvæmilegt að auka sölu saltsíldar til Vestur-Evrópu og Ameríku, þar sem markaðir eru fyrir hendi, en verð lægra en í Austur-Evrópu. Hið nýja gengi mun gera þetta kleift. Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959, og lýsisverð er einnig lágt. Vegur þetta á móti þeim áhrifum, sem breyting gengisskráningarinnar annars myndi hafa haft á afkomu þessarar framleiðslu.

Það fyrirkomulag, sem tekið var upp með lögunum um útflutningssjóð frá 1958, að kaupa gjaldeyri af varnarliðinu á 16 kr. og selja hann aftur á 25 kr. og þaðan af hærra verði, gat ekki staðið nema stutta hríð, þar sem það var ekki í samræmi við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Ísland hefur verið aðili að, frá því hann var stofnaður árið 1944. Á þessu hlýtur því að verða breyting um leið og efnahagsmálum þjóðarinnar er komið í eðlilegt horf. Á hinn bóginn telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að Bandaríkjastjórn fyrir sitt leyti stuðli að því að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þessi breyting hefur á greiðsluviðskipti þjóðarinnar. Um þetta atriði hafa undanfarið átt sér stað viðræður á milli fulltrúa frá ríkisstjórnnum beggja landa, og telur ríkisstjórnin, að viðunandi lausn þess máls muni fást, þannig að komið verði í veg

fyrir þá byrjunarörðugleika, sem lækkun gjaldeyrstekna frá varnarliðinu mundi ella hafa í för með sér.

Afnám bótakerfisins.

Lagt er til, að greiðslur útflutningsbóta og hvers konar sérbóta séu afnumdar og að útflutningssjóður hætti störfum. Tekjur sjóðsins falla niður við gildistöku laganna.

Það leiðir af sjálfu bótakerfinu, að nokkur tími hlýtur að líða frá því að gjald-eyri hefur verið skilað fyrir útfluttar vörur, þar til greiðsla bóta getur farið fram úr útflutningssjóði. Það tekur tíma að afla þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til þess að greiðslan geti farið fram. Þar við bætist, að útflutningssjóður hefur ekki alltaf haft reiðufé til að inna greiðslur af höndum, og sú venja hefur skapast, enda heinlínis samið um það við útvegsmenn, að greiðslur þyrftu ekki að fara fram fyrr en nokkrum tíma eftir að staðfest bótakrafa hefur verið lögð fram. Með vaxandi bótagreiðslum sjóðsins hafa slíkar ógreiddar kröfur vegna útflutnings, sem gjaldeyri hefur þegar verið skilað fyrir, sífellt farið vaxandi. Ekki er hægt að segja um það með vissu, hversu miklar þessar skuldbindingar eru á hverjum tíma. Samkvæmt áætlun sjóðstjórnarinnar námu þær um 270 milljónum króna í árslok 1959, og er varla hægt að gera ráð fyrir, að þær verði lægri þann dag, sem lögin taka gildi.

Þessar skuldbindingar þarf að greiða eins fljótt og auðið er, og er það mikið hagsmunamál útflytjenda og útvegsmanna, að svo verði gert. Hins vegar á útflutningssjóður ekkert fé til að standa undir þessum greiðslum, og er hér því um mikið fjárhagslegt vandamál að ræða. Ríkisstjórnin leggur til, að fjár verði aflað til þessara greiðslna á þann hátt, sem hér greinir.

Í fyrsta lagi verði hið nýja gengi ekki látið gilda fyrir þær útflutningsafurðir, sem framleiddar voru fyrir 16. febr. 1960. Á þessar vörur verði greiddar bætur samkvæmt þeim reglum, sem í gildi voru, þegar afurðirnar voru framleiddar. Þetta er í samræmi við þær venjur, sem fylgt hefur verið, þegar bætur hafa verið hækkaðar á undanförunum árum, og kemur í veg fyrir, að gengishagnaður sá, sem verður á birgðum útflutningsvöru, falli einstökum útflytjendum í skaut. Áætlað er, að mismunur bótagreiðslna og hins nýja gengis á þeim útflutningsbirgðum, sem til verða í landinu hinn 15. febrúar, muni nema um 150 m. kr., og er gert ráð fyrir, að þessi upphæð gangi upp í þær skuldbindingar útflutningssjóðs, sem að framan greinir.

Þessi upphæð mun þó ekki duga til að greiða skuldbindingar sjóðsins. Er óhjákvæmilegt að afla meira fjár í þessu skyni, og er það tillaga ríkisstjórnarinnar, að það verði gert með því að leggja 5% skatt á allan útflutning. Er gert ráð fyrir, að þessi skattur gefi af sér um 120 millj. kr. á árinu 1960, og að hann verði úr gildi felldur þegar eftir að skuldbindingar útflutningssjóðs hafa verið að fullu greiddar, nema því aðeins, að aðstæður hafi breytt mjög verulega frá því sem nú er.

Hér að framan var það tekið fram, að hið nýja gengi væri við það miðað, að hagar báta á þorskveiðum væri sá sami og hann er samkvæmt núgildandi bótum. Ríkisstjórnin telur eigi að síður, að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið, svo framarlega sem aflabrögð verði sæmileg. Ástæðan fyrir þessu er í fyrsta lagi sú, að útflutningsatvinnuvegirnir munu um nokkurt skeið, eftir að hið nýja gengi tekur gildi, búa að rekstrarvörum, sem keyptar voru á gamla genginu. Þýðingarmeira er þó hitt, að útreikningararnir um afkomu bátaútvegsins á hinu nýja gengi eru við það miðaðir, að hægt sé að fyrna framleiðslutæki, sem keypt eru á hinu nýja gengi. Þegar frá líður er þetta að sjálfsögðu skilyrði fyrir því, að hægt sé að reka útflutningsatvinnuvegina. Fyrst í stað, meðan flest framleiðslutæki, sem eru í notkun, hafa verið keypt á gamla genginu, er þetta þó óþarfi. Þá myndast nokkur fjárhagslegur ágóði, er getur gengið upp í útflutningsskattinn. Hitt vill ríkisstjórnin aftur á móti taka fram, að hún telur, að útflutningsatvinnuvegirnir, að öðrum aðstæðum óbreyttum, þurfi á hinu nýja

gengi að halda óskertu eftir eitt eða tvö ár. Afnám útflutningsskattsins mun því ekki skapa grundvöll fyrir launahækkunum nema því aðeins, að aðrar breytingar hafi á sama tíma orðið útflutningsatvinnuvegunum í hag.

Verðlagsmál.

Ekki verður heimilt að hækka verð á vörum eða þjónustu í sambandi við efnahagsráðstafanirnar nema sem svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér. Ekki verður heldur heimilt, að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru. Verður það hlutverk verðlagseftirlitsins að fylgjast með því, að þessum ákvæðum sé framfylgt.

Ætlun ríkisstjórnarinnar er að halda valdsviði og fyrirkomulagi verðlagseftirlitsins óbreyttu frá því, sem nú er, með þeirri breytingu á yfirstjórn verðlagsmála, sem nánar er getið hér á eftir. Telur ríkisstjórnin verðlagseftirlitið eiga þýðingarmiklu hlutverki að gegna í sambandi við framkvæmd þessara efnahagsráðstafana. Hitt er svo annað mál, að þegar frá liður, getur betra jafnvægi í efnahagsmálum og meiri samkeppni í innflutningi leitt til þess, að þýðing verðlagseftirlitsins verði minni en hún verður nú fyrst um sinn.

Þau almennu ákvæði um stjórn verðlagsmála, sem var að finna í lögnum um útflutningssjóð, hafa ekki verið tekin upp í þetta frumvarp. Verða þau í staðinn tekin upp í annað frumvarp um gjaldeyris- og innflutningsmál, sem lagt verður fyrir Alþingi á næstunni, en í því frumvarpi er ætlunin að sameina öll ákvæði varðandi verðlagseftirlitið. Innflutningsskrifstofan verður lögð niður og getur því ekki farið lengur með yfirstjórn verðlagsmála. Verður þess vegna að koma þeirri stjórn öðruvísi fyrir. Um þetta atriði munu verða gerðar nánari tillögur í áður nefndu frumvarpi.

Hækkun verðlags.

Breyting gengisskráningarinnar mun að sjálfsögðu leiða til verulegrar hækkunar verðlags. Að því er innfluttar vörur snertir, verður verðhækkunin mismunandi eftir því, hvaða yfirfærslugjald hefur verið greitt af vörunum, og hvaða innflutningsgjald hefur verið á þær lagt. Það hefur enn fremur áhrif á verðhækkunina, hversu mikinn þátt flutningskostnaður og dreifingarkostnaður innanlands á í útsöluverði vörunnar. Verðhækkunir verða einnig á vörum framleiddum innanlands, að því leyti sem erlendar vörur eru notaðar til framleiðslu þeirra. Að svo komnu máli verður ekki um það sagt með nákvæmni, hversu mikil verður hækkun útsöluverðs einstakra vörutegunda. Það kemur ekki í ljós fyrr en verðlagsyfirvöld hafa ákveðið ný flutningsgjöld og nýja álagningu.

Þær vörur, sem fluttar hafa verið inn með 30% yfirfærslugjaldi, myndu að öðru óbreyttu hækka tiltölulega meira en aðrar vörur, og þær vörur, sem innflutningsgjald hefur verið lagt á, tiltölulega minna. Er þetta óhjákvæmileg afleiðing þess, að nú er dregið úr því verðmisræmi, sem gjaldakerfið hefur skapað. Þetta verðmisræmi er hins vegar orðið svo gífurlega mikið, að því er einstaka vörutegundir snertir, að leiðrétting þess í einu stökki myndi koma afar illa niður á neytendum hinna ódýru vörutegunda, sem lengi hafa vanizt hinu lága verði. Af þessum sökum leggur ríkisstjórnin til, að hér sé farin nokkur millivegur, og fyrst um sinn dregið úr verðhækkunum með niðurgreiðslum nokkurra vörutegunda, sem hingað til hafa verið fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi. Þær vörur, sem hér um ræðir, eru kornvörur, kaffi og sykur.

Rétt er að nota vísitölu framfærslukostnaðar sem mælikvarða á hinar væntanlegu verðhækkunir, enda er hin nýja vísitala, sem í gildi hefur verið síðan í marzmánuði s. l., fullkomnari mælikvarði á breytingu verðlags en áður hefur þekkt á hér á landi. Séu teknar þær innfluttu vörur, sem í vísitölunni eru, verður meðalhækkun þeirra sennilega um 25%. Innlendar landbúnaðarafurðir munu væntanlega hækka

um 12%. Hins vegar verður hækkun vísitölunnar allrar líklega ekki meiri en 13% sökum þess, hve innlendir liðir, svo sem húsaleiga, sem gengisbreytingin hefur lítil eða engin áhrif á, eru þýðingarmiklir í framfærslukostnaðinum. Þessar hækkunar munu koma fram smátt og smátt á næstu mánuðum, og líklega verða komnar fram að fullu á næsta hausti. Áætlað er, að gengisbreytingin hafi í för með sér 10—11% hækkun byggingarkostnaðar, en sú breyting verkar auðvitað einungis á löngum tíma til hækkunar almennri húsaleigu. Búast má við einhverjum öðrum hækkunum, svo sem vegna hækkunar tryggingarsjóðsgjalds, sjúkrasamlagsgjalds og útvarpsgjalds o. fl., er ekki standa í neinu sambandi við gengisbreytinguna. Þessar hækkunar, sem eru gengisbreytingunni óviðkomandi, nema líklega um það bil einu stigi.

Áhrif gengisbreytingarinnar á lífskjörin.

Sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, sem að framan er getið, sýnir þau áhrif, sem gengisbreytingin myndi hafa á lífskjör almennings, svo framarlega sem engar aðrar ráðstafanir væru gerðar samhliða. Slík hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsgöðu að verða öllum almenningi afar þungbær. Af þeim ástæðum telur ríkisstjórnin óhjákvæmilegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin, og þá fyrst og fremst á lífskjör barnafjölskyldna og aldraðs fólks. Leggur ríkisstjórnin til, að þetta sé gert fyrst og fremst með því að stórauka fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri og aðrar svipaðar greiðslur almannatrygginga, og enn fremur með því að greiða niður verð nokkurra þýðingarmikilla neytluvörutegunda (kornvöru, kaffis og sykurs), eins og áður hefur verið minnt á.

Tillögurnar um aukningu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar munu verða lagðar fyrir Alþingi í sérstöku frumvarpi innan fárra daga. Verður því ekki gerð ýtarleg grein fyrir þeim hér. Gert er ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði greiddar þegar með fyrsta barni, í stað þess að nú eru þær aðeins greiddar frá og með þriðja barni. Verði upphæðin sú sama með öllum börnum, 2600 kr., hvar sem er á landinu. Munu því greiðslur til þriggja barna fjölskyldu nema 7800 kr. á ári í stað 1166 kr. nú á fyrsta verðlagssvæði og 874 kr. á öðru verðlagssvæði. Greiðslur til fimm barna fjölskyldu myndu nema 13000 kr. í stað 5828 kr. nú á fyrsta verðlagssvæði og 4370 kr. á öðru. Í meðfylgjandi töflu (nr. 6) eru sýndar athuganir á því, að hve miklu leyti má gera ráð fyrir, að þessi aukning fjölskyldubóta vegi upp á móti þeirri kjaraskerðingu, sem annars ætti sér stað. Er niðurstaða þeirra athugana sú, að hinar auknu fjölskyldubætur nægi til þess að jafna að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér fyrir fjölskyldu með 60000 kr. tekjur, þar sem börnin eru þrjú eða fleiri. Gildir þetta fyrir fyrsta verðlagssvæði, þ. e. a. s. kaupstaði og kauptún með yfir 2000 íbúa. Á öðru verðlagssvæði, en á því svæði eru sveitir og smærri kaupstaðir og kauptún, verður hagar barnafjölskyldna þeim mun betur tryggður.

Lagt er til, að elli- og örorkulífeyrir og aðrar svipaðar bætur almannatrygginga hækki um 20% til viðbótar þeirri 20% hækkun, sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði áður lagt til og einnig mun innifalín í því frumvarpi, sem lagt verður innan skamms fyrir Alþingi. Verður því heildarhækkun elli- og örorkulífeyris 44%, enda kemur öllum saman um, að brýn þörf hafi verið á að bæta kjör þessara aðila.

Sú aukning fjölskyldubóta og þær niðurgreiðslur á innfluttum neytluvörum, sem að framan hefur verið lýst, munu draga mjög úr þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem breyting gengisskráningarinnar að öðrum kosti hefði í för með sér. Er gert ráð fyrir, að hækkunin verði tæplega 3% í stað um það bil 13% ella. Af lækkuninni eiga 8.5% röt sína að rekja til aukningar fjölskyldubóta, 1.6% til niðurgreiðslna á innfluttum vörum og 0.2% til þess, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að fella niður námsbókagjald.

Ríkisstjórnin telur, að með þessari aukningu fjölskyldubóta og annarra bóta al-

mannatrygginga, og með hinum nýju niðurgreiðslum á nokkrum innfluttum vöru- tegundum, sé gengið eins langt til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings og frekast er kostur. Með þessum ráðstöfunum er það tryggt, að kjör fjölskyldna, sem hafa um 60.000 kr. tekjur og í eru þrjú eða fleiri börn, verði ekki skert, og ekki heldur kjör ellilífeyrisþega og öryrkja.

Launamál.

Þegar leiðréttingar hafa verið gerðar á gengisskráningunni s. l. áratug, hafa þeim fylgt miklar launahækkanir. Þetta var svo 1950, þegar laun hækkuðu samkvæmt hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, og 1958, þegar lögboðin var 5% hækkun grunnkaups. Það getur ekki verið álitamál, að þessar launahækkanir hafi gefið illa. Þær hafa leitt til mikilla og hraðra víxlhækkana verðlags og kaupgjalds og aukið vantrú manna á það, að jafnvægisástandi yrði náð í efnahagsmálunum. Á hinn bóginn hafa þær ekki megnað að færa launþegum raunverulega kjarabót. Lífskjör launafólks ákvarðast af því, hve mikil framleiðsla þjóðarinnar er, hve mikið fæst fyrir þá framleiðslu á erlendum markaði og hvernig arðinum af þeirri framleiðslu er skipt. Almennar launahækkanir hafa að sjálfsgöngu engin áhrif á það, hversu mikil raunveruleg verðmæti þjóðin framleiðir, né hversu mikið fæst fyrir þau erlendis. Þær hafa ekki heldur áhrif á það, hvernig arðinum af framleiðslunni er skipt, ef sérhver launahækkun leiðir til samsvarandi verðhækkunar, eins og tíðk- azt hefur hér á landi. Iðnrekendur og kaupskýslumenn velta þá launahækkuninni jafnóðum yfir á launþega aftur í hækkuðu vöruverði, og framleiðendur útflutnings- vöru fá launahækkunirnar jafnaðar með hækkunum útflutningsbóta, er ríkið síðan endurkrefur með því að leggja á ný gjöld, sem borin eru af launþegum.

Ríkisstjórnin leggur til, að í þetta skipti sé farin önnur leið, sem geri hvort tveggja í senn, komi í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds og dragi sem mest úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings með raunverulegri breytingu á skiptingu þjóðarteknanna. Leiðin er sú, að auka stórlega bætur almannatrygginga, einkum fjölskyldubætur, elli- og öryrkulífeyri, og taka upp niðurgreiðslur á nokkrum þýðingarmiklum innfluttum neyzluvörum (kornvörum, kaffi og sykri). Var þessum ráðstöfunum lýst í köflunum hér að framan. Þessar ráð- stafanir fela í sér raunverulega breytingu á tekjuskiptingu þjóðarinnar, vegna þess að þær koma fyrst og fremst barnafjölskyldum, öldruðu fólki og öryrkjum til góða, en fjár til þess að standa straum af þeim er aflað með tollum og sköttum, sem einkum eru bornir af öðrum.

Jafnhliða þessu er lagt til, að tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar sé numin úr gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að gera þá breytingu tekjuskipting- arinnar, sem að framan getur, raunhæfa, og koma í veg fyrir þá öru verðbólgu- þróun, sem annars myndi hljóta af víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Um þetta atriði eru ákvæði í 23. gr. frumvarpsins.

Það leiðir beinlínis af því fyrirkomulagi, sem lögákveðið hefur verið hér á landi frá 1943 varðandi verðlagningu landbúnaðarafurða, að á meðan kaup verka- manna, iðnaðarmanna og sjómanna breytist ekki, breytist ekki kaup bóndans, og verð landbúnaðarafurða hækkar ekki af þeim sökum. Á hinn bóginn verða bændur til samræmis við aðra að fá endurgreiddar í hærra vöruverði þær hækkanir á kostnaði rekstrarvöru sinnar, sem af gengisbreytingunni leiðir. Um þetta atriði eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það, að kauphækkanir eiga sér ekki stað vegna þeirrar hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar, sem af gengisbreytingunni leiðir, er ekki gert ráð fyrir, að bátasjómenn og togarasjómenn fái neina kauphækkun vegna þeirrar hækk- unar fiskverðs, sem gengisbreytingin hefur í för með sér. Um þetta eru ákvæði í 25. og 26. gr. frumvarpsins. Eins og drepið var á hér að framan, er ríkisstjórnin þó þeirrar skoðunar, að togarasjómenn hafi sérstöðu samanborið við aðra launþega. Þeir

hafa á undanförunu ári orðið fyrir tekjurýrnun, sem beinlínis stendur í sambandi við útfærslu landhelginnar. Það er ekki réttlátt, að ráðstafanir, sem gerðar eru með framtíðarhagsmunum allrar þjóðarinnar fyrir augum, bitni þannig beinlínis á einni stétt manna. Ríkisstjórnin telur, að sú bætt afkoma togaranna, sem af gengisbreytingunni leiðir, muni gera það kleift að hækka tekjur togarasjómannna. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin ekki viljað setja ákvæði um þetta atriði í það frumvarp, sem hér liggur fyrir, heldur talið eðlilegast, að um það væri samið á milli togaræigenda og sjómanna sjálfra.

Þá hafa farmmenn og flugmenn einnig nokkra sérstöðu í sambandi við efnahagsráðstafanirnar. Þeir hafa fengið hluta launa sinna greiddan í erlendum gjaldeyri með 30% yfirfærslugjaldi, þar sem skipafélögin og flugfélögin hafa tekið að sér greiðslu 25% af 55% yfirfærslugjaldinu. Þetta er vandamál, sem ráða verður fram úr með frjálsum samningum milli aðila, og greiða ákvæði 27. gr. þessa frumvarps fyrir þeim samningum.

Um íslenzka námsmenn erlendis gildir að sinu leyti svipað og um farmmenn og flugmenn, að þeir hafa getað keypt erlendan gjaldeyri á sérstaklega hagstæðu gengi. Þau friðindi munu nú að sjálfsögðu falla niður. Hefur verið ráð fyrir því gert í fjárlagafrunvarpinu, að námsmönnum verði þetta bætt að nokkru með því, að námsstyrkir hækki í sama hlutfalli og verð hins erlenda gjaldeyris, þannig að styrkirnir geti haldizt óbreyttir í erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir gengisbreytinguna.

Engin ákvæði er að finna í þessu frumvarpi varðandi grunnlaun. Ákvörðun þeirra verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaganna. Þrátt fyrir þetta getur ekki hjá því farið, að viðhorfið í launamálum verði annað að lokinni framkvæmd þeirra ráðstafana, sem hér er gert ráð fyrir, heldur en það hefur verið um langt skeið undanfarið. Útflytjendur hafa um margra ára skeið talið öruggt, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun, er þeir veittu starfsmönnum sínum, jafnaða með hækkun útflutningsbóta. Á sama hátt hafa aðrir atvinnurekendur miðað við það, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun endurgreidda í hækkun verði á vörum sínum og þjónustu. Þetta hefur orðið til þess, að æ ofan í æ hefur verið samið um launahækkanir, sem ekki áttu sér stoð í auknum framleiðslutekjum, og ekki gátu heldur leitt til breyttrar tekjuskiptingar þjóðarinnar. Slíkar launahækkanir eru launþegum gagnslausar, en leiða hins vegar til verðbólgu, og hafa þannig hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir efnahagslíf landsins, þegar til lengdar lætur.

Ríkisstjórnin telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem þetta frumvarp felur í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkunum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstjórnarinnar að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapast grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþeginn njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkun kaupna. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta.

Ráðstafanir í peningamálum.

Það er eitt megin skilyrði þess, að hægt verði að lokinni gengisbreytingu að koma á almennu efnahagslegu jafnvægi, að útlánum bankanna og þar með aukningu peningamagnsins sé haldið innan þeirra takmarka, sem framleiðsluaukning þjóðarbúsins sagnar til um. Það hefur verið helzti veikleiki allra þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið s. l. áratug til þess að koma á jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum, að ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið í peningamálum, hafa hvergi nærri nægt til þess að koma í veg fyrir stórfellda peningabenslu, sem fljótlegra hefur skapað nýtt misræmi milli framboðs og eftirspurnar í þjóðarbúinu. Þróunin síðan síðari lögin um útflutningssjóð voru samþykkt vorið 1958, er gott dæmi um þetta. Verð-

hækkanir þær, sem sigldu í kjölfar þessarar lagasetningar, hlutu að valda aukinni eftirspurn eftir fjármagni, og þar sem engar teljandi tilraunir voru gerðar til að marka nýja stefnu í peningamálum, er veitti viðnám við þessari þróun, jukust útlán banka og sparisjóða árið 1958 um nær 20% og árið 1959 fóru útlánin enn stórhækkandi, þrátt fyrir stöðugt verðlag. Þessi útlánaaukning átti að verulegu leyti rót sína að rekja til reglubundinna endurkaupa Seðlabankans á afurðavíxlum, sem jukust mjög á þessu tímabili, einkum vegna hærra verðs, sem lagt var til grundvallar við lánveitingar. Alls jukust endurkaup Seðlabankans um 187 milljónir króna árið 1958 og 213 milljónir króna 1959. Þessi eini þáttur lánanna hefur því aukizt á þessu tímabili um nærri 90% og tvímælalaust verið ein meginorsök hinnar miklu peningabenslu, sem þá átti sér stað.

Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, að í sambandi við framkvæmd þeirra aðgerða, sem fjallað er um í frumvarpi þessu, verði gripið til ráðstafana í peningamálum, er tryggi, að áframhaldandi peningabensla eigi sér ekki stað og eftirspurn innanlands aukist ekki umfram það, sem aukin framleiðsla gerir þjóðarbúinu kleift að standa undir. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að Seðlabankinn og aðrar lánsstofnanir framfylgi samræmdri stefnu í peningamálum í því skyni að tryggja, að þessum markmiðum verði náð.

Leggja verður höfuðáherzlu á það, að útlán bankakerfisins í heild verði ekki meiri en sem svarar þeirri eðlilegu sparifjármyndun, sem á sér stað í bankakerfinu. Til þess að ná þessu markmiði, verður fyrst og fremst að takmarka endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum við það stig, sem þau eru komin á nú. Í öðru lagi þarf að sjá um, að ekki eigi sér stað útlánaaukning á árinu til ríkissjóðs fram yfir eðlilegar árstíðabætur. Loks verður að gæta þess, að nettóskuldir bankakerfisins við Seðlabankann, þar með taldar skuldir fjárfestingarlánasjóða, aukist ekki á árinu 1960.

Til þess að hafa hemil á útlánum viðskiptabanka og sparisjóða mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að þessar stofnanir fallist á að auka ekki útlán sín samtals um meira en 200 millj. króna á árinu 1960, enda er þá miðað við eðlileg aflabrogð og solumöguleika á framleiðsluvörum landsmanna. Enn fremur mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóður, þar á meðal innlánsdeildum kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum. Það er þó ekki búizt við því, að þetta fé verði dregið úr umferð, heldur verði Seðlabankanum með þessu móti skapaðar aðstæður til þess að miðla nokkrum hluta fjármagnsmyndunarinnar til þeirra lánsstofnana, sem mest þurfa á því að halda til þess að leysa úr aðkallandi þörf atvinnuveganna.

Til þess er ætlað, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir geti einir staðið undir þeirri óhjákvæmilegu aukningu rekstrarfjárþarfar atvinnuveganna, sem sigla mun í kjölfar þeirrar hækkunar á framleiðslukostnaði, sem gengisbreytingin hefur í för með sér. Það mun léttu verulega á viðskiptabönkunum í þessu efni, að gert er ráð fyrir því, að skuldbindingar útflutningssjóðs séu gerðar upp á árinu, en með greiðslu þeirra munu skila sér aftur í bankana stórar fjárhæðir. Í öðru lagi munu ákvæðin um bindingu nokkurs hluta sparifjárukningarinnar gera Seðlabankanum kleift að flytja nokkurn hluta þess fjármagns, sem undanfarið hefur gengið til fjárfestingarlána, yfir í rekstrarlán til atvinnuveganna. Það hlýtur að vera meginorsök þess að framkvæmd þessarar stefnu, að atvinnuvegunum sé séð fyrir nægilegu rekstrarfé til þess að halda framleiðslunni starfandi á eðlilegan hátt, og jafnframt sé lánnum til fjárfestingar haldið í því hófi, að ekki sé hættu á verðbólgu myndun. Það er augljóst, að svo strangar aðgerðir til takmörkunar útlána hljóta að vera erfiðar í framkvæmd, á meðan svo mikið misræmi ríkir milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé og raun ber vitni hér á landi undanfarið ár. Það má telja vonlítið, að þær nái árangri, nema jafnframt sé höggvið að rötum meinsins með því að koma á sem mestu samræmi milli myndunar nýs sparnaðar í bankakerfinu annars vegar og útlánaaukningar þess hins vegar. Til þessa er sú leið nærtækust að hækka vexti

allverulega frá því, sem nú er, enda hefur reynsla annarra þjóða undanfarin ár bent til þess, að skynsamlegar vaxtabreytingar geti haft mikla þýðingu fyrir efnahagslegt jafnvægi.

Vextir eru það verð, sem greiða verður eigendum fjármagns fyrir afnot þess. Sé það verð of lágt, myndast fjármagnsskortur, sem reynt er að bæta úr með peningabenslu, sem fyrr eða síðar hefur verðbólgu í för með sér. Þegar verðlag fer hækkandi ár frá ári, eins og yfirleitt hefur átt sér stað hér á landi um langt skeið, getur svo farið, að vextirnir nægi ekki einu sinni til þess að bæta eigendum sparifjár þá rýrnun verðgildis þess, sem verðbólgan hefur í för með sér. Það á sér með öðrum orðum stað sífelld yfirfærsla eigna frá sparifjäreigendum til þeirra, sem skulda í peningum. Þessi þróun er hvort tveggja í senn, stórlega óréttlát og hættuleg efnahagslegu jafnvægi. Þá má einnig búast við því, að vaxtahækkun dragi úr spákaupmennsku og hamli gegn verðhækkun fasteigna.

Loks telur ríkisstjórnin það mæla með því að nota vextina sem vopn gegn verðpenslu, að þeim er auðvelt að breyta til hækkunar og lækkunar fyrirvaralítið. Það er auðvelt að lækka vexti aftur, ef í ljós kemur, að þeir reynast of háir miðað við ríkjandi aðstæður á peningamarkaðnum. Mundi í þessu fylgt fordæmi margra annarra þjóða, sem á undanförunum árum hafa beitt vaxtabreytingum til þess að halda jafnvægi í peningamálum.

Lagaákvæði um vexti, sem nú eru í gildi, eru óljós og stangast jafnvel á í nokkrum veigamiklum atriðum. Það er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það, að vaxtaákvörðunarvald samkvæmt Landsbankalögnum frá 1957 sé óbundið af lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl. frá 1933, svo sem ætlunin mun hafa verið. Auk þess virðist óhjákvæmilegt, að vöxtum fjárfestingarlánastofnana verði breytt með hliðsjón af breytingum á almennum vöxtum. Til þess að svo megi verða, er lagt til í 32. grein frumvarpsins, að ríkisstjórninni verði heimilt að breyta vöxtum ákveðinna stofnana, sem nú eru bundnir með lögum, að fengnu álitu stjórnar Seðlabankans og viðkomandi lánsstofnunar. Loks er talið nauðsynlegt að breyta 16. grein Landsbankalaganna frá 1957 til þess að taka af tvímæli um það, að ákvörðunarvald Seðlabankans um vexti og bundnar innstæður banka og sparisjóða nái einnig til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands.

Gjaldeyris- og viðskiptamál.

Sú leiðrétting gengisskráningarinnar, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, getur að sjálfsögðu ekki í einu vefangi lagfært þá erfiðu gjaldeyrisstöðu, sem landið er nú komið í. Jafnvel þótt greiðsluhallinn hyrfi samstundis, gæti það tekið mörg ár að byggja upp gjaldeyrisforða að nýju, er væri nægilega stór til þess, að gjaldeyrisviðskipti gætu gengið með eðlilegum hætti. Allan þann tíma mundu hömlur á innflutningi og gjaldeyrissölu verða til þess að draga úr þjóðarframleiðslunni frá því, sem ella hefði getað orðið.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefur ríkisstjórnin snúið sér til tveggja alþjóðastofnana, sem hafa m. a. því sérstaka hlutverki að gegna að hjálpa meðlimum sínum að komast yfir gjaldeyrisörðugleika af því tagi, sem Ísland á við að etja. Þessar tvær stofnanir eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í Washington og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu í París. Hefur Ísland verið meðlimur beggja þessara stofnana frá því, að þær voru settar á stofn árin 1944 og 1947.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn starfar þannig, að hvert land hefur ákveðinn „kvóta“ í sjóðnum. Greiðir landið 25% af „kvótanum“ í gulli til sjóðsins um leið og „kvótinn“ er ákveðinn, en 75% er greitt í mynt landsins sjálfs inn á sérstakan reikning í þjóðbanka þess. Eftir að landið hefur innt þessar greiðslur af hendi, getur það fengið leyfi sjóðsins til þess að kaupa af honum, fyrir sinn eigin gjaldeyri, gjaldeyri annarra landa. Þessi kaup mega samkvæmt reglum sjóðsins aldrei vera meiri en 125% af „kvótanum“, en í reynd hefur sjóðurinn ekki leyft meiri kaup en

100% af „kvótanum“. Kaupin eru aðeins leyfð í því skyni að hjálpa landi til að komast yfir tímabundna gjaldeyrisörðugleika, og hinn keypta gjaldeyri verður að selja sjóðnum aftur innan ákveðins tíma, vanalega 3—5 ára. Sjóðurinn veitir ekki leyfi til kaupanna, fyrr en hann hefur kynnt sér efnahagsástand hlutaðeigandi lands vandlega, og sannfærzt um, að ástæða sé til að ætla, að landið geti komizt úr örðugleikum sínum og selt aftur hinn keypta gjaldeyri á tilsettum tíma. Gjald er greitt fyrir afnot hins keypta gjaldeyris, og fer það eftir upphæðinni og tímanum, sem liður, þar til gjaldyririnn er seldur aftur. Hefur þetta gjald á undanfórnum árum verið frá ½% fyrir kaup til nokkurra mánaða upp í 5% fyrir kaup til nokkurra ára.

Á þeim 15 árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hefur fjöldi landa notað sér þá möguleika, sem hann veitir til að auðvelda gjaldeyrisviðskipti. Hafa þau ýmist keypt gjaldeyri til nokkurra mánaða til þess að mæta árstíðarsveiflum í gjaldeyrisviðskiptum, eða til nokkurra ára til að komast yfir meiri háttar gjaldeyrisörðugleika. Síðan 1952 hefur það einnig tíðkæzt, að lönd gerðu sérstaka samninga við sjóðinn, er veita þeim réttindi til ákveðinna kaupa á gjaldeyri hvenær sem er í vissan tíma, án frekari athugunar sjóðsins á hag þeirra. Þau Evrópulönd, sem viðskipti hafa átt við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eru þessi: Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Júgóslavía, Noregur, Spánn, Tékkóslóvakía og Tyrkland.

„Kvóti“ Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var upphaflega mjög lágur (1 millj. Bandaríkjadollara), og hefðu því gjaldeyriskaup af Íslands hálfu samkvæmt reglum sjóðsins ekki getað haft neina raunhæfa þýðingu. Á s.l. ári var ákveðið, að öll aðildarríki sjóðsins skyldu auka „kvóta“ sína um 50%, og var „kvóti“ Íslands þá hækkaður upp í 1.5 millj. Bandaríkjadollara. Jafnframt ákvað stjórn sjóðsins að gefa öllum smærri þáttökuríkjunum rétt til að auka „kvóta“ sína upp í 11.25 millj. Bandaríkjadollara.

Ríkisstjórnin telur, að það myndi hafa mikla kosti í för með sér fyrir Ísland, að hækka „kvóta“ sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í þessa upphæð, og er í þessu frumvarpi farið fram á nauðsynlega heimild Alþingis til þess. Með slíkri hækkun „kvótans“ fengist í raun og veru álitlegur hluti þess gjaldeyrisvarasjóðs, sem landið svo mjög hefur vanhagað um. Til þess að hækkan „kvótans“ komi að notum, verður að greiða sjóðnum 25% hækkunarinnar (eða tæpar 2.5 millj. Bandaríkjadollara) í gulli. Hefur Seðlabankinn tekið að sér að sjá um, að sú greiðsla geti farið fram hið fyrsta. Að því loknu getur Ísland keypt gjaldeyri annarra þáttökuríkja samkvæmt þeim reglum, sem þar um gilda, og samkvæmt því samkomulagi, sem gert verður við stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar, að upphæð, sem nemi 25% af „kvótanum“, verði keypt þegar í stað, en samkomulag gert um réttindi til að nota 50% af „kvótanum“ til viðbótar, þegar á þarf að halda. Þýðir þetta það, að mögulegt verður að nota um takmarkaðan tíma eftir því, sem á þarf að halda, allt að 8.4 millj. Bandaríkjadollara. Samkomulagið myndi fyrst um sinn vera til eins árs, og hinn keypta gjaldeyri yrði að selja sjóðnum aftur innan þriggja ára í síðasta lagi.

Efnahagssamvinnustofnun Evrópu var upphaflega stofnuð í sambandi við framkvæmd Marshall-áætlunarinnar, og var tilgangur hennar að örva efnahagslega samvinnu Evrópuríkjanna. Einn þáttur þeirrar starfsemi hefur verið að greiða fyrir því, að gjaldeyrisviðskipti gætu átt sér stað án tvíhliða samninga. Í þessu skyni var Greiðslubandalag Evrópu (EPU) stofnað árið 1950. Þátttaka í því bandalagi gerði Íslandi kleift að flytja gjaldeyri þáttökulandanna óhindrað landa á milli, þannig að hægt var að flytja út vörur til eins lands, en kaupa aftur vörur til innflutnings frá öðru. Ekki þarf annað en að minnast þeirra örðugleika, sem Ísland hefur átt við að stríða vegna tvíhliða viðskipta bæði fyrir og eftir styrjöldina, til þess að skilja, hve mikla þýðingu þátttaka í þessu greiðslubandalagi hefur haft. Þar að auki gaf Greiðslubandalag Evrópu meðlimum sínum vissan rétt á sjálfkrafa yfirdráttarlánnum, sem Ísland á sínum tíma notaði sér að fullu.

Á s.l. ári var Greiðslubandalag Evrópu afnumið og í stað þess kom hinn svokallaði Greiðslusamningur Evrópu (EMA), er gegnir sama hlutverki, og sem Ísland einnig er aðili að. Reglur greiðslusamningsins eru að ýmsu leyti aðrar en reglur greiðslubandalagsins voru, einkum að því leyti að ekki er gert ráð fyrir neinum sjálfkrafa yfirdráttarréttindum. Aftur á móti var með Greiðslusamningi Evrópu stofnaður sérstakur sjóður, Evrópusjóðurinn, sem er undir yfirstjórn Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og hefur heimild til að veita meðlimum hennar yfirdráttarlán til að komast yfir tímabundna gjaldeyrisörðugleika. Lánin eru til tveggja ára með lágum vöxtum, og er hægt að endurnýja þau, ef þörf krefur.

Ríkisstjórnin telur sjálfsagt, að Ísland færi sér nú í nyt þau skilyrði, sem þátt-taka þess í Efnahagssamvinnustofnuninni veitir til þess að draga úr gjaldeyriserfið-leikum landsins. Hafa átt sér stað viðræður við Efnahagssamvinnustofnunina um þetta mál, og stendur Íslandi til boða að fá yfirdráttarlán hjá Evrópusjóðnum til tveggja ára, er nemi allt að 12 millj. Bandaríkjadollara. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess að taka þetta lán.

Með því að hækka „kvóta“ sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fá umrætt yfir-dráttarlán hjá Evrópusjóðnum, myndi landinu skapast gjaldeyrisvarasjóður, er næmi um 20 millj. Bandaríkjadollara, eða nálega einum þriðja af árlegum innflutningi. Þetta myndi losa landið úr þeim miklu gjaldeyrisörðugleikum, sem það annars myndi eiga við að stríða næstu mánuði og jafnvel ár.

Þær upphæðir, sem notaðar eru af „kvótanum“, eða af yfirdráttarláninu, verða að endurgreiðast innan nokkurra ára, en á því ættu ekki að verða örðugleikar, svo framarlega sem þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, bera tilætlaðan árangur. Ef á þarf að halda síðar meir, er svo að nýju hægt að kaupa gjaldeyri hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og fá yfirdráttarlán hjá Evrópusjóðnum. Má því segja, að um varanlegan gjaldeyrisvarasjóð sé hér að ræða, sem mjög geti dregið úr þörf Íslands að koma sér upp sínum eigin gjaldeyrisvarasjóði.

Með þeim gjaldeyrisvarasjóði, er þannig hefur fengizt, verður ekki lengur þörf á þeim innflutningshöftum, sem hér hafa lengi verið. Þessi höft hafa aldrei til lengdar megnað að draga úr heildarinnflutningi til landsins, eins og hinn mikli greiðsluhalli undanfarinna ára ber ljósast vitni. Hefur reynsla Íslands í þessu efni verið sú sama og annarra landa. Innflutningshöftin, og þá einkum þau höft, sem bankarnir hafa sjálfir sett á gjaldeyrisafgreiðslur, hafa hins vegar verið óhjákvæmi-leg nauðsyn í tímabundnum gjaldeyriskreppum, sem skapast hafa vegna þess, að enginn gjaldeyrisvarasjóður var til. Þar sem slíkur varasjóður verður nú fyrir hendi, verður haftanna ekki lengur þörf af þessum ástæðum.

Á hinn bóginn verður nauðsynlegt að halda uppi höftum að einhverju leyti vegna hinna þýðingarmiklu viðskipta Íslands, sem fara fram á jafnkeypisgrundvelli, einkum við Austur-Evrópu. Þessi viðskipti hafa á undanförunum árum numið um það bil einum þriðja hluta af bæði útflutningi og innflutningi. Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að innflutningur frá þessum löndum myndi dragast verulega saman, ef um fulla samkeppni yrði að ræða á milli hans og innflutnings frá öðrum hlutum heims. En ef innflutningur minnkar frá þessum löndum, hlýtur útflutningur til þeirra að gera það einnig, og það myndi skapa atvinnulífi landsins mikla örðugleika. Af þessum sökum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að þær vörur, sem að miklu leyti eru keyptar frá jafnkeypislöndum, verði eftir sem áður háðar leyfisveitingum. Í reynd myndi þetta þýða, að innflutningur þessara vörutegunda yrði lítt takmarkaður frá jafnkeypislöndunum eins og verið hefur undanfarið, en mjög takmarkaður frá öðrum hlutum heims. Ekki er enn hægt að segja um það, hve mikill hluti innflutningsins þyrfti að vera háður leyfum, en gera má ráð fyrir, að það yrði ekki meira en 40% (að skipum og bátum ekki meðtöldum). Af þessum 40% yrði mikill hluti fluttur inn frá jafnkeypislöndunum, þannig að innflutningur samkvæmt leyfum frá frjálsgjald-eyrislöndum yrði varla meira en 10—15% af heildarinnflutningi.

Tillit verður einnig í þessu sambandi að taka til hagsmuna innlends iðnaðar, þar

sem sumar greinar hans hafa notið allmikillar verndar innflutningshafta. Verður framkvæmd sérstök athugun á þessu vandamáli, og er það ætlunin, að nokkur tími liði, þar til þær iðnaðarvörur verði gefnar frjálssar, er hættulegar gætu orðið innlendum iðnaði í samkeppni. Jafnhliða þessu verða gerðar veigamiklar breytingar á stjórn gjaldeyris- og innflutningsmála, sem gera framkvæmd þeirra mála allra miklu einfaldari og ódýrari en verið hefur.

Afkoma ríkissjóðs.

Þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frumvarp felur í sér, munu hafa viðtæk áhrif á afkomu ríkissjóðs. Sjálf gengisbreytingin mun leiða til hækkunar á rekstrar-útgjöldum ríkisins, að því leyti sem í þeim útgjöldum eru fólgna erlendar vörur eða bein útgjöld í erlendri mynt, eins og t. d. kostnaður við starfsemi sendiráða Íslands erlendis. Þá munu greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánnum hækka, og sömu leiðis greiðslur ríkisins vegna erlendra lána annarra aðila, sem eru í vanskilum, en ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Samtals nemur þessi útgjaldaaukning um 44 millj. kr.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, leggur ríkisstjórnin til, að bætur almannatrygginga séu auknar stórlega til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á líf skjörin, og að í sama skyni séu teknar upp niðurgreiðslur á nokkrum innlendum neyzluvörum. Þessar ráðstafanir munu hafa verulegan kostnað í för með sér, aukning bóta almannatrygginga 152 millj. kr. og hinar nýju niðurgreiðslur 38 millj. kr.

Það hefur einnig áhrif á afkomu ríkissjóðs, að útflutningssjóður leggst niður, og ríkissjóður verður að taka við þeim niðurgreiðslum á innlendum vörum, sem útflutningssjóður hefur staðið straum af undanfarin tvö ár. Þessar niðurgreiðslur eru áætlaðar 265 millj. kr. árið 1960. Á móti þessu kemur, að ríkissjóður losnar við að greiða framlag til útflutningssjóðs, en það nam 152 millj. kr. árið 1959. Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur því um 113 millj. kr. Þá verða ýmsar hækkunir á útgjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1960, sem ekki standa í neinu sambandi við efnahagsráðstafanirnar. Nema þær samtals 83 millj. kr.

Sú aukning útgjalda, sem að framan er talin, og flutningur útgjalda frá útflutningssjóði, skapar mikla tekjubörf hjá ríkissjóði. Þar við bætist, að á árinu 1960 falla niður tveir sérstakir tekjustofnar, sem voru í fjárlögum ársins 1959, tolla- og skattgreiðslur Sogsvirkjunarinnar og greiðsluafgangur 1958, er námu samtals 55 millj. kr. Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um breytingu tekjuskatts, þannig að almennar launatekjur verði skattfrjálssar, og um afnám núverandi söluskatts á innlendra framleiðslu og þjónustu, gera þetta fjárhagsvandamál enn viðameira.

Þótt útflutningssjóður sé lagður niður, er ekki mögulegt að afnema þá sérstöku tekjuöflun, sem efnt var til vegna hans, þ. e. álagningu innflutningsgjalds og nokkurra sérstakra gjalda og skatta. Á hinn bóginn fellur yfirfærslugjaldið að sjálfsögðu niður. Í fyrsta lagi er tekjubörf ríkissjóðs mikil, ekki sízt vegna hinnar fyrirhuguðu hækkunar bóta almannatrygginga og lækkunar tekjuskattsins. Tekjur af innflutningsgjaldinu eru áætlaðar 119.0 millj. kr. og tekjur af öðrum sérstökum gjaldstofnum útflutningssjóðs 107.0 millj. kr. eða samtals 226.0 millj. kr. Kostnaður við aukningu á bótum almannatrygginganna mun hins vegar nema 152.5 millj. kr. og við niðurfellingu tekjuskattsins 107.0 millj. kr. á árinu 1960 eða samtals 259.5 millj. kr. Er þetta ekki miklu hærrí upphæð en áætlaðar tekjur af fyrrnefndum tekjustofnum útflutningssjóðs. Telur ríkisstjórnin eðlilegt að halda þessum tekjustofnum og stuðla þannig að því, að kleift sé að auka almannatryggingarnar og fella niður tekjuskatt á almennar launatekjur. Í öðru lagi má telja óeðlilegt, að margar þær vörur, sem innflutningsgjald er lagt á, og yfirleitt eru vörur, sem ekki teljast til nauðsynja, beinlínis lækkuðu í verði, á sama tíma og nauðsynjavörur hækkuðu. Í þriðja lagi er í raun og veru ekki hægt að afnema innflutningsgjald nema tollskráin sé

endurskoðuð um leið, þar sem innflutningsgjald hefur einmitt verið lagt á margar vörur, sem talið er, að greiði óeðlilega lágan verðtoll.

Af öllum þessum ástæðum taldi ríkisstjórnin óhjákvæmilegt, að innflutningsgjaldi og flestum öðrum sérstökum tekjustofnum útflutningssjóðs væri haldið. Hins vegar breytast hlutfallstölur innflutningsgjaldsins, þar sem það leggst nú á hærri krónuupphæð en áður. Eru hinar nýju hlutfallstölur við það miðaðar, að af gjaldinu verði svipaðar tekjur í krónum og áður. Í stað 62% gjaldsins kemur nú 40%, í stað 40% gjaldsins 30% og í stað 22% gjaldsins 15%. Ýmsar breytingar verða á öðrum gjöldum, og er nánari grein gerð fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu fellur niður farmiðagjald og gjald það á ferðaleyfi, sem áður rann til útflutningssjóðs.

Það fjárhagsvandamál, sem að framan er getið, mun þó ekki leysast við það, að innflutningsgjaldinu og öðrum sérstökum tekjum útflutningssjóðs sé haldið. Veruleg ný tekjuöflun verður einnig að koma til. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar, að þeirra tekna verði aflagð með nýjum söluskatti, og mun frumvarp um hann verða lagt fyrir Alþingi á næstunni. Er áætlað, að heildartekjur af þeim skatti verði 280 millj. kr. Af þeirri upphæð eiga 224 millj. kr. að ganga til ríkisins, en 56 millj. kr. til sveitarfélaga. Mun sá hluti, sem til sveitarfélaganna gengur, gera þeim kleift að lækka útsvör.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þær breytingar á gjöldum og tekjum ríkissjóðs, sem talið er, að allar þessar ráðstafanir hafi í för með sér. Er yfirlitið miðað við breytingar frá fjárlögum ársins 1959.

Ú t g j ö l d :

I. Útgjöld, sem standa í sambandi við efnahagsráðstafanirnar:	
Bein hækkun útgjalda vegna gengisbreytingarinnar	43.6 m. kr.
Niðurgreiðslur á innfluttum neyzluvörum	37.9 —
Sérstök aukning á bótum almannatrygginga	152.5 —
	<hr/>
	Alls 234.0 m. kr.
II. Útgjöld vegna afnáms útflutningssjóðs:	
Niðurgreiðslur, sem flytjast frá útflutningssjóði til ríkissjóðs ...	265.0 m. kr.
Frá dregst:	
Framlag ríkissjóðs til útflutningssjóðs samkvæmt fjárlögum 1959	152.1 —
	<hr/>
	Alls 112.9 m. kr.
III. Aukning útgjalda, sem ekki stendur í sambandi við efnahagsráðstafanirnar	
	83.0 m. kr.
	<hr/>
	Samtals 429.9 m. kr.

T e k j u r :

I. Hækkun tekna, sem leiðir af gengisbreytingunni:	
Hækkun verðtolls og söluskatts á innflutningi	92.1 m. kr.
Hækkun á ýmsum gjöldum	37.4 —
	<hr/>
	Alls 129.5 m. kr.
II. Tekjur, sem flytjast frá útflutningssjóði:	
Innflutningsgjald	119.0 m. kr.
Ýmsar tekjur	107.0 —
	<hr/>
	Alls 226.0 m. kr.

III. Önnur tekjuaukning:	
Nýr söluskattur	224.0 m. kr.
Aukning tekna, sem ekki stendur í sambandi við efnahagsráðstafanirnar	17.1 —
	<hr/>
Alls	241.1 m. kr.
IV. Brottfall tekjustofna (dregst frá):	
Tolla- og skattgreiðslur Sogsvirkjunar	30.0 m. kr.
Greiðsluafgangur 1958	25.0 —
Söluskattur á innlendri framleiðslu og þjónustu	35.0 —
Tekjuskattur	75.0 —
	<hr/>
Alls	165.0 m. kr.
Samtals	431.6 m. kr.

Samkvæmt þessu aukast tekjurnar um 1.7 millj. kr. meira en útgjöldin, og verður greiðsluafgangur ríkissjóðs sem þessu nemur hærri heldur en hann var í fjárlögum ársins 1959.

Yfirlitin hér að framan sýna samanburð á fjárlögum 1959 og hinu nýja fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1960. Sýnir þessi samanburður lækkun tekjuskatts um 75 millj. kr. og brottfall söluskatts að upphæð 35 millj. kr. Bæði tekjuskatturinn og söluskatturinn af innlendri framleiðslu og þjónustu myndu hins vegar hafa gefið verulega hærri upphæðir í aðra hönd, ef þeir hefðu verið áfram í gildi óbreyttir á árinu 1960. Má áætla, að tekjuskatturinn hefði gefið 32 millj. kr. meira en áætlað var í fjárlögum 1959 (þ. e. 177 millj. kr. í stað 145 millj. kr.) og söluskatturinn 3 millj. kr. meira (þ. e. 38 millj. kr. í stað 35 millj. kr.). Lækkun tekjuskattsins mun því nema 107 millj. kr., miðað við árið 1960, og brottfall söluskattsins 38 millj. kr. Þar við bætist, að sá hluti söluskattsins, sem runnið hefur til útflutnings- sjóðs, en það eru tveir þriðju hlutar hans, eða 6% á móti 3%, sem renna til ríkissjóðs, mun einnig falla niður. Þetta hefur ekki komið fram á yfirlitinu hér að framan, sem aðeins sýndi þær tekjur, sem raunverulega flytjast frá útflutnings- sjóði til ríkissjóðs. Þegar tillit er tekið til þessa sést, að miðað við árið 1960 er lækkun tekna vegna breytinga á skattalögum samtals 221 millj. kr.

Lækkun tekjuskatts	107 m. kr.
Brottfall söluskatts til ríkissjóðs	38 —
Brottfall söluskatts til útflutningssjóðs	76 —
	<hr/>
	221 m. kr.

Það er að sjálfsögðu eitt af höfuðskilyrðum þess, að hægt sé að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að ríkissjóður sé rekinn án greiðsluhalla. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að svo geti orðið með þeim breytingum tekna og gjalda, sem það frumvarp, sem hér liggur fyrir, og fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960 gera ráð fyrir. Hinu er svo ekki að leyna, að áætlanir margra tekjuliða eru mjög óvissar og á þetta einkum við um nýja söluskattinn og verðtoll og söluskatt af innflutningi. Er því nauðsynlegt að sýna mikla aðgát í útgjöldum á árinu 1960 og gera í tæka tíð ráðstafanir til að afstýra tekjuhalla, ef það sýnir sig, að á honum sé hætta.

Tafla 1. Yfirlit um greiðsluhallann við útlönd 1955—1958.¹⁾
(M. kr.).

Greiðslujöfnuður í vörum og þjónustu.					
Gjöld:		1955	1956	1957	1958
Innfluttar vörur, tollafgreiddar		1116.7	1268.6	1153.2	1221.9
Innflutningur vegna varnarliðsins		54.6	18.0	10.2	30.6
Önnur gjöld		319.8	378.5	388.3	374.4
	Alls	1491.1	1665.1	1551.7	1626.9
Tekjur:					
Útflutningur		847.8	1031.0	986.6	1053.1
Tekjur vegna varnarliðsins		278.3	207.0	133.2	203.6
Aðrar tekjur		223.0	264.7	265.8	279.4
	Alls	1349.1	1502.7	1385.6	1536.1
Halli á vörum og þjónustu		142.0	162.4	166.1	90.8
Afborganir af erlendum lánum		22.4	28.6	45.3	62.5
Aðrar fjármagnshreyfingar og leiðréttingar (nettó)		÷ 16.5	÷ 22.3	39.7	54.9
Greiðsluhalli samtals		147.9	168.7	251.1	208.2
Hallinn er jafnaður þannig:					
Með lántökum einkaaðila		8.8	57.5	49.0	34.0
Með lántökum opinberra aðila og gjafafé		7.8	35.8	170.0	205.4
Með breytingum á gjaldeyristöðu		131.3	75.4	32.1	÷ 31.2
	Alls	147.9	168.7	251.1	208.2

Tafla 2. Vextir og afborganir af erlendum lánum.

Vextir og afborganir erlendra lána	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958
m. kr.	28.7	31.5	37.4	25.0	38.3	47.0	69.8	87.3
Gjaldeyristekjur (brúttó) ²⁾ , m. kr.	893	898	1112	1245	1295	1485	1375	1521
Útflutningur, m. kr.	727	640	706	846	848	1031	987	1069
Aðrar gjaldeyristekjur, m. kr.	166	258	406	399	447	454	389	452
Vextir og afborganir í hlutfalli við:								
a. Gjaldeyristekjur (brúttó), % ..	3.2	3.5	3.4	2.0	3.0	3.2	5.1	5.7
b. Útflutning, %	3.9	4.9	5.3	3.0	4.5	4.6	7.1	8.2
					Áætlanir			
		1959	1960	1961	1962	1963		
Vextir og afborganir erlendra lána, m. kr.		138.0	162.8	183.0	162.6	141.1		
Gjaldeyristekjur (brúttó) ²⁾ , m. kr. ..		1466	1547	1600	1690	1770		
Útflutningur, m. kr.		1069	1107	1160	1220	1280		
Aðrar gjaldeyristekjur, m. kr.		406	440	455	470	490		
Vextir og afborganir í hlutfalli við:								
a. Gjaldeyristekjur (brúttó), %		9.4	10.5	11.4	9.6	8.0		
b. Útflutning, %		13.0	14.7	15.8	13.3	11.0		

1) Þetta yfirlit er samhljóða greiðslujafnaðaryfirliti Hagfræðideildar Landsbanka Íslands að því greiðslujöfnuðinn í vörum og þjónustu snertir. Að því er fjármagnshreyfingar snertir hafa nokkrar breytingar verið gerðar frá yfirliti Landsbankans. Lán þau, sem tekin hafa verið hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington (ICA) undanfarin ár, eru talin innkomin á því ári, sem þau eru notuð, en ekki því ári, sem þau eru tekin. Lán hjá Greiðslubandalagi Evrópu (EPU) er enn fremur talið með föstum lánum, en ekki í gjaldeyristöðunni.

2) Varnarliðstekjur taldar nettó.

Tafla 3. Gjaldeyrisstaðan.¹⁾

Aðstaða bankanna út á við.						
Erlendir bankar og verðbréf, nettó, m. kr.	Árslok 1954	Árslok 1955	Árslok 1956	Árslok 1957	Árslok 1958	Árslok 1959
1. Dollarar	182.8	101.7	59.9	49.7	66.4	8.2
2. Annar frjáls gjaldeyrir ...	37.2	÷ 14.2	÷ 11.1	÷ 48.9	÷ 21.6	÷ 73.2
3. Sovétrikin	33.2	2.3	÷ 21.2	7.0	÷ 17.7	÷ 13.3
4. Annar jafnkeypisgjaldyrir ÷	33.1	÷ 0.9	÷ 14.2	÷ 26.5	÷ 14.6	÷ 1.3
Alls	220.1	88.8	13.4	÷ 18.7	12.5	÷ 79.5

Breytingar á aðstöðu bankanna út á við, m. kr.						
	1955	1956	1957	1958	1959	
1. Frjáls gjaldeyrir	÷ 132.5	÷ 38.7	÷ 48.0	44.0	÷ 109.8	
2. Jafnkeypisgjaldyrir	1.3	÷ 36.8	15.9	÷ 12.8	17.7	
Alls	÷ 131.3	÷ 75.4	÷ 32.1	31.2	÷ 92.0	

Tafla 4. Núgildandi útflutningsbætur.²⁾

Bátafiskur veiddur fyrir 15. maí.

Freðfiskur:	
Porskur og karfi og því um líkt	88.0 %
Ýsa, steinbitur og flatfiskur	119.0 —
Skreið:	
Porskur	92.3 —
Ýsa	126.2 —
Saltfiskur:	
Porskur	92.1 —
Ýsa	—
Mjöl	85.6 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	85.6 —
Niðursuða	—
Alls	90.7 %

Bátafiskur veiddur eftir 15. maí.

Freðfiskur:	
Porskur og karfi og því um líkt	106.8 %
Ýsa, steinbitur og flatfiskur	125.3 —
Skreið:	
Porskur	112.8 —
Ýsa	143.1 —

1) Þessi tafla er byggð á hinni mánaðarlegu skýrslu Hagfræðideildar Landsbanka Íslands um aðstöðu bankanna út á við. Sýnir taflan fyrsta dálk þeirrar skýrslu („erlendir bankar og verðbréf, nettó“) og breytingar á þeim dálki, með þeirri lagfæringu þó, að skuldin við EPU er alls staðar tekin út úr og sömuleiðis eftir árslok 1958 rússneska lánið (25 m. kr.). eru þessar lagfæringar gerðar sökum þess, að EPU-skuldinni hefur verið breytt í fast lán, og rússneska lánið er í raun og veru fast, þótt það sé að forminu til yfirdráttur á jafnkeypisreikningnum.

2) Miðað við áætlaða skiptingu útflutnings ársins 1959. Allar sérþætur og hvers konar aðrar greiðslur, svo sem greiðsla tryggingariðgjalda, eru með taldar.

Saltfiskur:	
Þorskur	112.4 %
Ýsa	142.9 —
Mjöl	87.1 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	—
Niðursuða	142.2 —
	Alls 107.7 %
Bátafiskur allt árið.	
Freðfiskur:	
Þorskur, karfi og því um líkt	92.8 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	121.6 —
Skreið:	
Þorskur	94.9 —
Ýsa	130.9 —
Saltfiskur:	
Þorskur	95.8 —
Ýsa	142.9 —
Mjöl	85.9 —
Lýsi	85.6 —
Hrogn	85.6 —
Niðursuða	142.2 —
	Alls 94.5 %
Togarafiskur allt árið.	
Freðfiskur:	
Þorskur, karfi og því um líkt	80.0 %
Ýsa, steinbítur og flatfiskur	107.4 —
Ísfiskur	80.0 —
Skreið:	
Þorskur og því um líkt	84.0 —
Ýsa	110.0 —
Saltfiskur:	
Veiddur fyrir 15. maí	84.1 —
Veiddur eftir 14. maí	91.3 —
Mjöl	80.0 —
Lýsi	80.0 —
Niðursuða	80.0 —
	Alls 81.0 %
Norðurlandssíld:	
Fryst síld	77.0 %
Saltsíld	82.0 —
Síldarmjöl	77.0 —
Síldarlýsi	77.0 —
Soðkjarni	77.0 —
	Alls 79.1 %
Suðvesturlandssíld:	
Fryst síld	76.7 %
Saltsíld	86.4 —
Síldarmjöl	76.7 —
Síldarlýsi	76.7 —
	Alls 81.6 %

Hvalafurðir	70.0 %
Aðrar sjávarafurðir	80.0 —
Landbúnaðarafurðir ¹⁾	93.9 —
Ýmsar vörur	70.0 —
Útflutningur alls	86.7 —

Tafla 5. Núverandi gjöld á innflutningi.

	Áætlaður innflutn.	
	f.o.b. 1959,	
	m. kr.	Gjöld
Lággjaldaflokkur	130	30.0 %
Almennur flokkur	807	55.0 —
Innflutningsgjaldaflokkur:		
Vörur með 22% innflutningsgjaldi	63	112.8 —
Vörur með 40% innflutningsgjaldi	85	157.3 —
Vörur með 62% innflutningsgjaldi	42	206.0 —
Meðaltal gjalda miðað við áætlaðan innflutning 1959 ²⁾	—	68.5 —

Tafla 6. Samanburður á fjölskyldubótum og útgjaldaaukningu vegna gengisbreytingar.

	1 barns	2 barna	3 barna	4 barna	5 barna
	fjölsk.	fjölsk.	fjölsk.	fjölsk.	fjölsk.
Aukning útgjalda vegna 11% hækkunar verðlags ³⁾ , kr.	6650	6650	6800	7100	7300
Fyrsta verðlagssvæði:					
Væntanlegar fjölskyldubætur, kr. ..	2600	5200	7800	10400	13000
Núgildandi fjölskyldubætur, kr.	—	—	1166	3497	5828
Aukning fjölskyldubóta	2600	5200	6654	6903	7172
Aukning fjölskyldubóta í hlutfalli við aukningu útgjalda, (%)	39	78	98	98	98
Annað verðlagssvæði:					
Núgildandi fjölskyldubætur, kr.	2600	5200	7800	10400	13000
Væntanlegar fjölskyldubætur, kr. ..	—	—	874	2622	4370
Aukning fjölskyldubóta	2600	5200	6926	7778	8630
Aukning fjölskyldubóta í hlutfalli við aukningu útgjalda, (%)	39	78	102	110	118

1) Þetta er sú hlutfallstala, sem nú gildir fyrir landbúnaðarafurðir og Hagstofan hefur reiknað. Hún er lítið eitt önnur en meðaltalan fyrir bátafiskinn eins og hún er reiknuð út hér að framan. Mismunurinn stafar af því, að Hagstofan tekur ekki tillit til þurraúatryggingar né niðurgreiðslu á beitu, en aftur á móti til janúarbóta 1959, sem ekki eru taldar hér.

2) Við útreikning meðaltalsins, en ekki hlutfallstölu fyrir einstaka flokka, hefur tillit verið tekið til niðurfellingar og endurgreiðslu á gjöldum.

3) Hér er sýnd sú aukning, sem verður á útgjöldum fjölskyldu, sem hefur sömu útgjöld og grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar gerir ráð fyrir, 60500 kr. fyrir 2 barna fjölskyldu. Útgjöld 3, 4 og 5 barna fjölskyldu eru talin því hærri en þetta, sem nemur núgildandi fjölskyldubótum. Hækkun verðlags um 11% er við það miðuð, að öll hækkun vísitölu vegna gengisbreytingarinnar verði 13%, en niðurgreiðslur á kornvörum, kaffi og sykri lækki þetta um 2 stig (eða 2%).

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um gengisbreytinguna og atriði, sem standa í beinu sambandi við hana.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um breytingu þá á gengi krónunnar, sem felst í frumvarpinu. Er gengið miðað við bandarískan dollar, í samræmi við ákvæði sáttmála, dags. 27. desember 1945, um stofnun alþjóðagjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 105/1945 og auglýsingu nr. 2/1946. Gengið, sem hér er ákveðið, er jafngengi („par value“), en Seðlabankinn skal skrá kaup- og sölugengi, sem má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir jafngenginu. Er þetta einnig í samræmi við áður greindan sáttmála, en í reynd verður bilið milli sölugengis og kaupgengis minna en þetta. Síðan í marz 1950 hefur kaupgengið verið 0.37% lægra en sölugengið, en þar áður var þetta hlutfall 0.5%.

Um 2. gr.

Í almennum athugasemdunum við frumvarpið hér að framan er fjallað ýtarlega um niðurfellingu uppbótakerfisins, og vísast til þess. Að öðru leyti vísast til skýringa við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Grein þessi felur í sér ákvæði um, að gjaldeyrstekjur innlendra aðila vegna verka, sem unnin hafa verið, og sölu á vöru og þjónustu til varnarliðsins fyrir gildistöku þessara laga, skuli við gjaldeyrisskil afreiknaðar á því gengi, sem gildi, áður en lögin tóku gildi. Gjalddeyrstekjur í þessum skilningi skulu að sjálfsögðu reiknaðar nettó, það er að segja að frádragnum þeim skuldbindingum í erlendum gjaldeyri, sem hlutaðeigandi aðili hafði tekið á sig fyrir gildistöku laganna vegna verka þeirra, sölu eða þjónustu, sem um er að ræða.

Um 4. gr.

Þessi grein er sama efnis og 27. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Um 5. gr.

Fyrirsjáanlegt er, að við væntanlega samþykkt þessa frumvarps muni gjalddeyrisstaðan verða mjög óhagstæð. Meginhluti þess gengistaps, sem þá kemur fram, mun lenda á ríkissjóði vegna skulda ríkisins við Greiðslubandalag Evrópu. Í þessari grein er gert ráð fyrir, að gengismunur, sem fram kemur á þessum reikningi, verði færður á sérstakan vaxtalausn reikning á nafni ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Einnig verði á þennan reikning færður gengismunur, er fram kemur á reikningum gjaldeyrisbankanna, svo og gengismunur, er leiðir af framkvæmd ákvæða 3. og 4. gr. Ekki er gert ráð fyrir, að nein ákvæði verði um endurgreiðslu af hálfu ríkissjóðs á þeim halla, sem verða kann á þessum reikningi.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sama efnis og eru í 8. gr. gengisskráningarlaga nr. 22/1950. Er greinin nú nokkru fyllri til að taka af tvímæli um lagatúlkun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru í aðalatriðum sama efnis og ákvæði 33. gr. og 37. gr. í núgildandi útflutningssjóðslögum.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um tekjuöflun ríkissjóðs og eru þau að mestu hliðstæð ákvæðum í V. kafla núgildandi útflutningssjóðslaga. Helztu breytingarnar eru þær, að ákveðinn er 5% skattur á fob-verð útflutningsvara, og að niður er fellt 10% gjald á farmiðum til og frá útlöndum. Auk þess er gert ráð fyrir, að viðaukinn, sem innheimtur er á vitagjald og lestagjald skipa, sé færður nokkuð til samræmis við gengisbreytinguna og verðhækkanir innanlands, og sama gildir um ýmis gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 40/1954.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um álagningu 5% skatts á fob-verð útfluttra vara. Er gerð grein fyrir honum í hinum almenna hluta athugasemdanna hér að framan, og vísast til þess.

Hið sérstaka ákvæði í 2. málsg. greinarinnar um, hvernig fob-verð ísfisks skuli reiknað við innheimtu 5% skattsins, stafar af því, að um getur verið að ræða tvenns konar útreikningsaðferðir, annars vegar þá aðferð, sem gjaldeyriseftirlitið notar og verðmæti ísfisks í verzlunarskýrslum er ákveðið eftir, og hins vegar þá aðferð, sem tollyfirvöld nota við ákvörðun útflutningsgjalds á sjávarafurðum. Fyrr nefnda aðferðin leiðir til réttari niðurstöðu í þessu sambandi og er því gert ráð fyrir, að hún verði notuð.

Um 9. gr.

Þessi grein er sama efnis og 35. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga, nema hvað ríkissjóður er nú móttakandi innflutningsgjalds í stað útflutningssjóðs.

Um 10. gr.

Lækkun á hundraðshlutaþöllum innflutningsgjalds frá því, sem er í núgildandi útflutningssjóðslögum, er sem hér segir: 62% gjald verður 40%, 40% gjald verður 30% og 22% gjald verður 15%. Um þetta vísast til nánari greinargerðar í almennu athugasemdunum við frumvarpið. Aðrar breytingar frá því, sem er í 36. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga — en hún samsvarar 10. gr. hér — eru þessar: 1) Fellt er niður innflutningsgjald á nýjum og þurrkuðum ávöxtum, en þeir eru nú í 62% gjaldflokki. 2) Fellt er niður innflutningsgjald á bókapappír og skrifpappír, sem er nú í 22% gjaldflokki. 3) Tollskrárnúmeri 52/26 er bætt í flokk þeirra vörutegunda, sem á er innflutningsgjald. 4) Ríkisstjórninni er veitt heimild til að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar. — Niðurfelling innflutningsgjalds á bókapappír er sett í frumvarpið samkvæmt tillögu nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði síðastliðið sumar til þess að athuga núverandi aðstöðu íslenskra útgefenda til bóka-, tímarita- og blaðaútgáfu, miðað við verðlag á erlendum bókum, tímaritum og blöðum. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að hér væri fyrir hendi stórfellt misræmi til óhags íslenskum bókaútgefendum.

Um 11. gr.

Þessi grein er samhljóða fyrri málsg. 38. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 12. gr.

Þessi grein er sama efnis og 39. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 13. gr.

Þessi grein er sama efnis og 40. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga. — Ef samþykkt verður væntanlegt frumvarp ríkisstjórnarinnar um söluskatt, verður 9% gjaldið á iðnaðarframleiðslu og þjónustu fellt niður.

Um 14. gr.

Þessi grein er sama efnis og 42. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 15 gr.

Samkvæmt 43. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga skal innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum, eins og það er með viðaukum, með 150% álagi, en samkvæmt 15. gr. frumvarpsins hækkar álagið í 200%. Er það 20% hækkun á heildargjaldinu.

Um 16. gr.

Síðan lög nr. 42/1959, um breyting á lögum um útflutningssjóð (sbr. 4. gr. þeirra laga), voru sett, hefur gjald á fob-verð fólksbifreiða verið mismunandi eftir því, hvort innflutningur á sér stað með úthlutun gjaldeyris til kaupanna eða án þess, og auk þess hefur gilt sérstakt lægra gjald fyrir bifreiðar atvinnubifreiðastjóra og lækna. Í 17. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir afnámi þessarar tilhögunar, þannig að sama gjald gildi fyrir alla innflytjendur fólksbifreiða, með þeirri einu undantekningu, að atvinnubifreiðastjórar greiði nokkru lægra gjald samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, enda er hér sem fyrr um heimildarákvæði að ræða. Er þetta í samræmi við það, að atvinnubifreiðastjórar hafa síðan 1953 — samkvæmt heimild í fjárlögum þess árs — einir verið undanþegnir gamla 35% gjaldinu af fólksbifreiðum til ríkissjóðs, sem ákvæði er um í 5. gr. laga nr. 112/1950.

Um 17. gr.

Núgildandi ákvæði um innflutningsgjald á benzíni eru í þrennu lagi, þ. e. 31 eyrir ótímabundið gjald á lítra samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., 20 aura gjald bundið við árið 1960 samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, og loks 62 aurar samkvæmt 46. gr. útflutningssjóðslaga ótímabundið. Eru þetta samtals kr. 1.13 á lítra. Af þessu renna 36 aurar í ríkissjóð, 50 aurar í útflutningssjóð, 16 aurar í brúarsjóð og 11 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Nú er í 17. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir 34 aura hækkun á þessu gjaldi og renni af því 3 aurar í hvorn fyrr nefndra sjóða, en hlutur útflutningssjóðs hverfur til ríkissjóðs. Jafnframt eru viðaukarnir, sem bætzt hafa á 31 eyris gjaldið samkvæmt lögum nr. 38/1949, sameinaðir og gerðir ótímabundnir. Er því gjaldið í 18. gr. ákveðið kr. 1.16, þar af 14 aurar í brúarsjóð og 14 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Nemur þá allt gjaldið kr. 1.47 á lítra, þar af 19 aurar í brúarsjóð, 14 aurar í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga. Afgangurinn, kr. 1.14, rennur í ríkissjóð.

Að öðru leyti er þessi grein sama efnis og 46. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um 18. gr.

Skiptingu tekna af útflutningssjóði milli aðila er hér breytt lítið eitt frá því, sem verið hefur, með hliðsjón af breyttri tekjuþörf hlutaðeigenda vegna væntanlegrar gengisbreytingar o. fl.

Um 19. gr.

Núgildandi vitagjald skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hækka um 100% (þ. e. í stað núgildandi 100% álags á grunngjald kemur 300% álag), og er það tiltölulega lítil hækkun. Hefur vitagjaldið haldizt óbreytt síðan í árslok 1945 og ætti nú að þrefalda það til þess að hækkun þess síðan 1945 væri í samræmi við almenna hækkun kaupgjalds í landinu á tímabilinu. Það skal tekið fram, að vitagjaldið hefði nú þurft að hækka um 133% til þess að það, reiknað í erlendum gjaldeyri, yrði jafnhátt og var fyrir lögfestingu 55% yfirfærslubóta vorið 1958.

Gert er ráð fyrir, að hækkun á vitagjaldi, sem skemmtiferðaskip greiða, verði 50% eða sem svarar hækkun erlends gengis úr 155 í 233 (núverandi skráð gengi = 100). Í því felst, að vitagjald skemmtiferðaskipa, reiknað í erlendum gjaldeyri, helzt óbreytt.

Gagnvart íslenskum skipum, sem ekki eru millilandaskip, kemur þessi hækkun ekki til framkvæmda fyrr en 1961.

Um 20. gr.

Samkvæmt b-lið 1. gr. í lögum nr. 67/1959 skal innheimta lestagjald af skipum með 140% viðauka á árinu 1960. Hefur svo verið frá og með árinu 1951. Hér er lagt til, að viðauki á þetta gjald sé færður til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á almennu kaupgjaldi síðan viðaukinn var ákveðinn 100% í árslok 1945. Hækkar gjaldið þá úr kr. 3.60 í kr. 9.00 á brúttósmálest skipsrúms. — Ekki er gert ráð fyrir, að þessi hækkun komi til framkvæmda fyrr en 1961.

Um 21. gr.

Almennt kaupgjald í landinu hefur hækkað um 43%, síðan gjöld samkvæmt aukatekjulögum ríkisins voru síðast ákveðin með lögum nr. 40/1954. Þykir því rétt, að þau séu innheimt með 50% viðauka, eins og nú er komið, þó aðeins þau gjöld, sem eru með fastri krónutölu. Eru ákvæði 21. gr. frumvarpsins við þetta miðuð. Talið hefur verið rétt, að afgreiðslugjald skipa sé vegna gengisbreytingar í maí 1958 og þeirrar, sem nú er ráðgerð, innheimt með 100% viðauka.

Um 22. gr.

Þessi grein er samhljóða 47. gr. núgildandi útflutningssjóðslaga.

Um III. kafla.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér algebra niðurfellingu núverandi tilhögunar um greiðslu launa samkvæmt breytingum vísitölu. Um þetta vísast til greinargerðar í almennu athugasemdunum við frumvarpið.

Um 24. gr.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að heimilt sé, frá 1. apríl 1960, að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður. Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er verð til framleiðenda ákveðið fyrir heilt verðlagsár í senn, og er aðeins heimilt að breyta því, ef breyting verður á almennu verkamannakaupi í Reykjavík, enda er þá miðað við venjulega verðlagsþróun. Þar sem framleiðslukostnaður mjólkur hlýtur skjótlega að hækka vegna gengisbreytingarinnar, er óhjákvæmilegt að setja ákvæði þessarar greinar til samræmis við ákvæði 27. gr. Eru þá alveg hliðstæð ákvæði 24. gr., um leyfilega verðhækkun landbúnaðarvara, og ákvæði 27. gr., um leyfilega verðhækkun annars vöruverðs og þjónustu. Í ákvæði 2. málslíðs greinarinnar felst það, að sex manna nefnd skuli fá til meðferðar, hve mikil þessi hækkun á mjólkurverði skuli vera og hvenær hún skuli koma til framkvæmda á tímabilinu. Og náist ekki samkomulag um þetta í sex manna nefnd, skal vísa ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sem fellir um þau fullnaðarúrskurð.

Heimild þessi til hækkunar tekur aðeins til mjólkurverðs. Ekki er heimilt að hækka framleiðendaverð á kjöti og garðávöxtum til samræmis við væntanlega verðhækkun rekstrarvara landbúnaðarins, fyrr en verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara verður ákveðinn haustið 1960, enda er það, sem er á markaði af þessum afurðum til loka verðlagsársins, selt á verði, sem svarar til tilkostnaðar á framleiðslutíma afurðanna.

Um 25. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er að því stefnt, að sjómenn á bátafлотanum haldi óbreyttum aflahlut miðað við ákveðið aflamagn. Til þess að svo megi verða er ákveðið, að skiptaverð, sem aflahluturinn er reiknaður af, skuli vera óbreytt frá því, sem var á árinu 1959, eftir gildistöku laganna um niðurfærslu verðlags og launa. Hefur einnig verið miðað við það skiptaverð það sem af er yfirstandandi

vetrarvertið. Þá er enn fremur svo fyrir mælt, að þeir liðir í útgerðarkostnaði, sem greiðast af óskiptu, skuli reiknast á grundvelli þess verðlags, sem var fyrir gildis-
töku laganna. Þetta fyrirkomulag á útreikningi aflahluts er þó aðeins hugsað til
bráðabirgða, eða þar til aðilar hafa gert nýja samninga sín á milli.

Um 26. gr.

Eins og að því er snertir bátasjómenn er hér einnig gert ráð fyrir, að togara-
sjómenn haldi sama hlut og áður, með því að þeir fái reiknuð aflaverðlaun sín af
sama fiskverði og gilt hefur síðan í febrúarmánuði 1959. Einnig gert ráð
fyrir, að þetta gildi aðeins þar til nýir samningar hafa tekizt milli aðila.

Um kjör togarasjómanna vísast að öðru leyti til þess, sem segir í hinni almennu
greinargerð með frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að óheimilt verði að hækka verð á birgðum innfluttra
vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama á að gilda um verð á birgðum
iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi.
Að öðru leyti á verð á innfluttum vörum og hvers konar þjónustu ekki að hækka
meira en svarar beinni hækkun innkaupsverðs og dreifingar- og vinnslukostnaðar
vegna gengisbreytingarinnar.

Um 28. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 1. málslíð 49. gr. núgildandi útflutningssjóðs-
laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 42/1959.

Um IV. kafla.

Um 29. gr.

Þessi grein felur í sér breytingu á lögum nr. 34/1959, um heimild handa ríkis-
stjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, og
heimilar hún ríkisstjórninni að taka allt að 12 millj. dollara lán samkvæmt þeim
samningi. Fyrri heimild var allt að 6 millj. dollara lántöku.

Um 30. gr.

Grein þessi felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar til að hækka kvóta Íslands
hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum upp í 11.25 millj. dollara, en slík hækkun er mögu-
leg samkvæmt reglum sjóðsins um hækkun á kvótum, sem taldir hafa verið óeðlilega
lágir miðað við þörf viðkomandi landa. Með slíkri hækkun á kvóta Íslands skapast
mjög auknir möguleikar á stuttum gjaldeyrislánum með hagstæðum kjörum til að
leysa úr tímabundnum greiðsluferfiðleikum og skapa nauðsynlegan gjaldeyrissvara-
sjóð. Um leið og notaður er þessi möguleiki til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóða-
gjaldeyrissjóðnum, er nauðsynlegt vegna starfsreglna viðkomandi stofnana að hækka
kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum upp í 15 millj. dollara. Í sambandi við þessar
hækkunir þarf alls að leggja fram jafnvirði 11.05 millj. dollara, og veitir greinin
heimild til, að þetta fé sé tekið að láni hjá Seðlabankanum, svo sem gert hefur verið
um fyrri framlög Íslands til þessara stofnana. Meginhluti þessara framlaga greiðist
í íslenskum krónum inn á reikning viðkomandi stofnana hjá Seðlabankanum, og
skal nú nokkru nánari grein gerð fyrir þeim.

Kvóti Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er nú 1.5 millj. dollarar, en gert er
ráð fyrir, að hann verði 11.25 millj. dollarar, eins og áður segir, eða hækki um
9.75 millj. dollara. Af hækkuninni þarf að greiða 25% í gulli, eða jafnvirði 2.437.500
dollara, en 75%, eða jafnvirði 7.312.500 dollara, í íslenskum krónum inn á reikning
sjóðsins í Seðlabankanum.

Kvóti Íslands í Alþjóðabankanum er nú 2 millj. dollara, en af ráðgerðri hækkun
kvótans í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í 11.25 millj. dollara leiðir, að kvóti Íslands í
Alþjóðabankanum verður samtals 15 millj. dollara, og er það hækkun um 13 millj.
dollara. Af þessari hækkun þarf að greiða 1% í dollurum til bankans nú þegar eða

130.000 dollara, en jafnvirði 9% eða 1 170.000 dollarar greiðist í krónum inn á reikning Alþjóðabankans í Seðlabankanum. Afgang kvótans þarf hins vegar ekki að leggja fram nema svo fari, að Alþjóðabankinn lendi í greiðsluþroti.

Um V. kafla.

Um 31. gr.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, hefur stjórn Seðlabankans, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, heimild til að ákveða vexti banka og sparisjóða. Virðist ótvírætt hafa vakað fyrir löggjafanum, að ákvörðunarvald um vexti samkvæmt þeim lögum væri óbundið af ákvæðum laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Er það tilgangur þessarar greinar að taka af tvímæli í þessu efni. Þar að auki nær 16. gr. laga nr. 63/1957 ekki til að mæla fyrir um vexti, sem öðrum aðilum er frjálst að taka af skuldum sínum. Þótt til þess kæmi, að hönkum og sparisjóðum yrði heimilað að hækka vexti af útlánum frá því, sem nú er, væri öðrum fyrirmunað að taka hærri vexti en þá, er greinir í 1.—3., sbr. 5. gr. laga nr. 73/1933. Þykir sú tilhögun hvorki réttlát né eðlileg. Til frambúðar þykir haganlegast að skipa þessum málum svo, að hámarksvextir, sem aðrir en bankar og sparisjóðir mega áskilja sér og taka af skuldum, séu hinir sömu sem hönkum og sparisjóðum er heimilað að taka samkvæmt 16. gr. laga nr. 63/1957, enda má telja, að það hafi vakað fyrir löggjafanum, þegar þau lög voru sett.

Í ákvæðum þessarar greinar er rætt um þann tíma, er til skuldar er stofnað. Ef víxill er framlengdur, er stofnað til nýrrar skuldbindingar í skilningi þessara ákvæða, og skiptir þá ekki máli, hvenær fyrsti víxillinn út af þeim skuldaskiptum var gefinn út. Ákvæði þessarar greinar eru ekki því til fyrirstöðu, að samið sé um vexti af skuld með vöxtum, er séu breytilegir í samræmi við almennar vaxtabreytingar. Hins vegar gera þau ekki kleift að breyta eldri lánssamningum, þar sem vextir eru fastákveðnir.

Um 32. gr.

Mjög mismunandi ákvæði gilda nú um vexti af lánum, sem veitt eru úr ýmsum opinberum sjóðum og stofnunum, og eru vextir þessir oft fastákveðnir í lögum. Nauðsynlegt þykir að koma samræmi á þessi mál og gera um leið kleift að breyta vöxtum af lánum þessara aðila, ef um almennar vaxtabreytingar er að ræða. Með þessari grein er ríkisstjórninni heimilað, að fengnu álit stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða lánsstofnunar, að ákveða vaxtakjör og lánstíma á útlánum þeirra aðila, sem greinin nær til.

Um 33. gr.

Í 2. málsg. 16. gr. laga nr. 63/1957 er Seðlabankanum falið vald til að ákveða vexti banka og sparisjóða, svo og að ákveða, að þeir skuli eiga bundnar innstæður í Seðlabankanum, og er þessum aðilum skylt að gefa Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem innlán og útlán. Réttlátt og eðlilegt þykir, að þessi ákvæði nái til annarra aðila en banka og sparisjóða, er reka innlánsstarfsemi á sama hátt og þeir. Er því með þessari grein lagt til, að þessi ákvæði laga nr. 63/1957 nái til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

Um VI. kafla.

Um 34. og 35. gr.

Þessar greinar eru sama efnis og 59. og 60. nágildandi útflutningssjóðslaga.

Um 36. gr.

Þessi grein er samhljóða 61. gr. nágildandi útflutningssjóðslaga.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.
Bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt b- og c-lið bráðabirgðaákvæða frumvarpsins er gert ráð fyrir, að bætur á útfluttar vörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skuli greiddar úr útflutningssjóði eftir ákvæðum laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Starfar útflutningssjóður því áfram fyrst um sinn vegna þessa verkefnis. Hins vegar falla tekjur hans niður, þá er frumvarp þetta verður að lögum (sbr. 2. gr.), og ríkissjóður stendur frá sama tíma straum af niðurgreiðslu vöruverðs. Samkvæmt a-lið bráðabirgðaákvæða er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins og skrifstofa verði lögð niður og Seðlabankinn taki við störfum hans, þá er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkisstjórnarinnar.

Frá því að lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., voru sett vorið 1958 hefur útflutningsgjald af sjávarafurðum verið innheimt með 65% viðauka. Samkvæmt e-lið bráðabirgðaákvæða skal þetta ákvæði gilda um vörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960, og gjaldið skal miðað við fob-verð reiknað á eldra gengi. Þá er og ákveðið í e-lið, að önnur gjöld á útfluttum vörum, framleiddum fyrir 16. febrúar 1960, skuli miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi. Óbreyttar hundradshluta-tölur þessara gjalda hafa það í för með sér, að tekjur af þeim hækka um 133%. Þó er ekki talin ástæða til að lækka þau, þar sem tekjur af þeim hafa, miðað við verðmætiseiningu útflutnings, haldizt óbreyttar um árabil, samtímis því að mikil hækkun hefur orðið á verðlagi og kaupgjaldi.

Samkvæmt ákvæðum f-liðs bráðabirgðaákvæða er gert ráð fyrir, að fyrirhuguð hækkun erlends gengis fram yfir núverandi skráð gengi að viðbættum 55% taki ekki til yfirfærslu á launum útlendinga fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960. Er lagt til, að útflutningssjóður standi straum af útgjöldum, sem þessu fylgja.